

GOTTSKÁLK JENSSON

*REVELACIONES THORLACI EPISCOPI –
ENN EITT GLATAÐ LATÍNURIT
EFTIR GUNNLAUG LEIFSSON MUNK
Á ÞINGEYRUM

Í SVOKALLAÐRI „Jarteinabók II“, sem fylgir *Þorláks sögu* í útgáfum, segir svo á einum stað: „Vitranir þær er Guðmundr prestr er síðan var byskup sendi Gunnlaugi múk at hann skyldi dikta, mun ek skyndiliga yfir fara.“¹ Þarna tilgreinir höfundur „Jarteinabókar II“ – líklega Bergur Sökkason ábóti á Munkaþverá (d. 1350)² – latínurit eftir Gunnlaug Leifsson munk á Þingeyrum (d. 1219), sem síðan hefur glatast.³ Sagnorðið „dikta“ er tökuorð úr latínu (*dicto, -are*) og merkir „að semja, skrifa á latínu“. Orðalagið gæti raunar bent til þess að vitnisburðirnir um vitranir þessar hafi þegar verið skráðir á latínu því „dikta“ merkir að færa í stílinn, endurskrifa á góðri latínu í samræmi við bréfitunarreglur, *ars dictandi* eða *ars dictaminis*. Nokkur hundruð íslenskir klerkar hafa um 1200 verið skrifandi á hinu forna rómverska kirkju- og skólamáli þótt fagaðri rit, stíluð miðað við hæstu kröfur, hafi án efa verið þeim flestum ofviða.⁴ Mikið hefur því legið við fyrst vitranir þessar um Þorlák biskup voru sendar Gunnlaugi munki á Þingeyrum, sem í *Guðmundar sögu A* er sagður „mestur klerkr“ á Norðurlandi og í D-gerðinni jafnframt „fremstur í samnaðinum“ á

1 Ásdís Egilsdóttir 2002, 243. „Vitrun“ er algeng þýðing á því sem nefnt er á miðaldalatinu *visio* eða *revelacio* en mátti einnig kalla „sýn“ og „leizlu“ á norrænu. Um orðaforðann á latínu og norrænu þýðingarnar, sjá Jonas Wellendorf 2009, 39–61.

2 „Jarteinabók II“ hefur aldrei verið sjálfstætt rit. Titillinn verður ekki rakinn lengra aftur en til biskupasagnaútgáfu Guðbrands Vigfússonar (Guðbrandur Vigfússon et al. 1856–1878). Sennilegast er að hér sé á ferðinni annars glatað efni aftan af B-gerð sögunnar eftir Berg Sökkason frá því um 1350, enda brot úr þessum köflum í ræmum frumrits B-gerðarinnar, AM 382 4to, og margt í eftirmála „Jarteinabókar II“ minnir á latínukvæði og prologus B-gerðar; sjá Fahn og Gottskálk Jensson 2010, 45–49.

3 Peter Foote et al. 2003, cclxxxiii–cclxxxiv.

4 Ernst Walter (Walter 1976, 14) áætla að tala þeirra sem hafi kunnað meira eða minna í latínu hafi ekki verið lægri en 800.

Þingeyrum og kallaður „bezt skiljandi til bækr á öllu Íslandi“.⁵ Hér er átt við latínubækur, sem á þessum tíma voru sagðar skrifaðar „á bók-máli“. Heimildin (D-gerð *Guðmundar sögu*) er sjálf þýðing úr latneskri lífssögu Guðmundar biskups eftir Arngrím Brandsson ábóta á Þingeyrum (d. 1361).

Þar sem hinu týnda vitranariti Gunnlaugs – það hefur mátt heita **Revelaciones Thorlaci episcopi*⁶ – hefur lítt verið sinnt fram til þessa freista ég þess nú að gera grein fyrir því ásamt því að setja fram tilgátu um ritunartíma þess, en jafnframt vil ég skoða nokkuð þá norrænu texta sem heimildir segja að þýddir séu úr þessu riti.

Það má skilja af „Jarteinabók II“ að um sjálfstætt verk hafi verið að ræða sem skotið sé þar inn í stærra jarteinasafn um Þorlák og stytt í þýðingu (sbr. orð þýðandans „mun ek skyndiliga yfir fara“) með þeim hætti að sumt er þýtt en öðru sleppt. Vitranir þær sem á eftir fylgja samanstanda af fáeinum frásögnum af upplifunum nafngreindra karla og kvenna af Þorláki helga framliðnum (frásögn af Valgerði, frumvaxta konu sem „vanstillt var í skapi ok óhlýðin í æsku, orðstór ok óráðin“; eigendum hests og uxa; Þórði presti; konu með fótarverk sem Þorlákur lækna; og að lokum Eyjólfu nokkrum er bjó skammt frá Hólum), sem af svip efnis og ítarlegum samtölum að dæma gætu vel hafa staðið í sama riti. Einnig gætu sumar jarteinirnar í köflunum strax á undan í „Jarteinabók II“, í 149.–170. kafla, sem sagðar eru „hafa orðið í öðru byskupsríki á Íslandi“ (þ.e. á Norðurlandi) hafa tilheyrð þessu verki.

Varðveittur er annar vitnisburður frá miðöldum um þetta sama rit eftir Gunnlaug. Um miðja 14. öld, þegar „Jarteinabók II“ var að öllum líkindum sett saman, hefur annar skrifari notað ritið og skotið efni úr því inn í *Ólafs sögu Tryggvasonar hina mestu* („svá hefur bróðir Gunnlaugr ok sagt í latínu“).⁷ Innskotið er að finna í D-gerð sögunnar og þar er þýddur kafli frá Gunnlaugi sem nefndur er „Sýn Brestis“. Sýnin er tímasett skömmu

5 Guðbrandur Vigfússon et al. 1856–1878 1, 502; 2, 31.

6 Ég gef riti Gunnlaugs þetta heiti til hagræðingar þótt vel sé mögulegt að það hafi verið titlað öðruvísi. Sem kunnugt er báru miðaldarit ekki nauðsynlega alltaf sama titil heldur mátti vísa til þeirra með margvíslegum hætti, t.d. eru allmargar útgáfur til af heitinu á *Hamborgarbiskupa sögu* Adams af Brimum. Flestar sýnir eru kenndar við sjáendurna, t.d. *Visio sancti Pauli*, *Visio Tnugdali*, en það safn sem hér um ræðir samanstóð af vitrunum um Þorlák helga og sjáendurnir skiptu þá minna máli en hinn séði. Orðið *revelacio* er iðulega notað með andlagseignarfalli (*genitivus objectivus*), eins og hér er gert.

7 Ólafur Halldórsson 1958–2000 3, 65.

eftir andlát Þorláks biskups 23. desember 1193. Ólafur Tryggvason (d. 1000) vitrast Bresti nokkrum í draumi fljúgandi á skipi sínu ásamt biskupnum Sigurði að sækja Þorlák andaðan. Í seinni hluta vitrunarinnar er Þorlákur kominn um borð í Orminn langa með kóngi og biskupi hans á leið til himna. Í bæði skiptin á sjáandinn orðaskipti við mennina á skipinu. Að Ólafur rex Tryggvason ásamt biskupi sínum komi þarna fyrir í vitrun um Þorlák helga er nokkuð óvænt og sýnir, ef ekki annað, að Gunnlaugur hefur þá þegar verið farinn að fást við Ólaf Tryggvason. Í *Flateyjarbók* (GKS 1005 fol., frá því um 1390), sem raunar er elsta varðveitta vitnið um „Sýn Bestis“, er bætt við í lok frásagnarinnar: „Ok enn bar fleiri merkiligar sýnir fyrir menn, þá er menn fréttu framför Þorláks byskups af þessum heimi“.⁸ Þarna er talað um safn vitrana um Þorlák og liggur því beinast við að álykta að „Sýn Brestis“ komi úr safni Þorláksvitrana á latínu eftir Gunnlaug, eða sama riti og getið er sem heimildir í „Jarteinabók II“. D-gerð *Ólafs sögu Tryggvasonar* er, að mati útgefanda sögunnar Ólafs Halldórssonar, mögulega skrifuð á Norðurlandi um miðja 14. öld í tíð Orms Áslákssonar biskups á Hólum (1343–1356).⁹ Í sama lærða umhverfi og á sama tíma hefur „Jarteinabók II“ að öllum líkindum verið skrifuð.¹⁰ Þá virðist hið latneska vitranasafn Gunnlaugs hafa verið aðgengilegt, ef til vill í Benediktsklaustrunum á Þingeyrum og Munkaþverá.

Tilefnið og ritunartíminn

Í „Jarteinabók II“ segir hver átti frumkvæðið að ritinu: „Guðmundr prestur er síðan var biskup“ er enginn annar en Guðmundur Arason, sem vígður var til prests 1185 og til biskups á Hólum af Eiríki Erlendssyni erkibiskupi í Niðarósdómkirkju 13. apríl 1203. Guðmundur var biskupsefni frá haustinu 1201, þegar Brandur Sæmundsson forveri hans í embætti andaðist og höfðingjar völdu hann til biskups. Vitranasafn Gunnlaugs um Þorlák hefur samkvæmt þessu verið skrifað snemma á því ferli sem leiddi til helgunar Þorláks, ef til vill strax þegar helgi hans „kom upp“, eins og það er orðað, í lok árs 1197. Áheiti á Þorlák voru formlega leyfð á alþingi 29. júní 1198,

⁸ Sama rit, 65.

⁹ Sama rit, cccxv–cccxvi.

¹⁰ Sbr. nmgr. 2 að framan.

og nokkru síðar, 20. júlí, voru bein hans tekin upp við hátíðlega athöfn og færð inn í kirkjuna í Skálholti. Á alþingi sumarið eftir var messudagur Þorláks, 23. desember, í lög leiddur og lesnar upp jarteinir í lögréttu 29. júní. Fyrsta Þorláksmessan var haldin hátíðleg sama ár.¹¹

Gunnlaugur Leifsson samdi um svipað leyti annað latínurit um íslenskan biskup, *Vita sancti Johannis Holensis episcopi et confessoris*, sem varðveitt var enn svo seint sem á 15. öld í Benediktsklaustrinu á Munkaþverá í Eyjafirði samkvæmt eignaskrá þess frá 1429 (*DI* 4, 374). Ekki er ólíklegt að það hafi varðveist fram til siðaskipta, þótt nú sé það týnt. Í prologus hinnar norrænu þýðingar þess, *Jóns sögu helga*, stendur eftirfarandi: „Höfum vér þessa frásögn (segir Gunnlaugr múnkr, siðugr maðr ok góðrar minningar, er látínu söguna diktat hefir) ... eigi af einni saman vorri ofdirfð ok hvatvísi þetta verk upp byrjat, heldr at boði ok áeggjan verðligrs herra Guðmundar biskups.“¹² Hér virðist sami háttur hafður á og við ritun **Revelaciones Thorlaci episcopi*, þ.e. að Gunnlaugur diktar á latínu að beiðni Guðmundar sem þarna er titlaður biskup. Samkvæmt því hefur lífssaga Jóns verið skrifuð seinna en vitranaritið um Þorlák, í fyrsta lagi 1201 þegar Guðmundur var orðinn biskupsefni.¹³

Frumkvæðið að helgun Þorláks Skálholtsbiskups hefur komið af Norðurlandi. Guðmundur Arason var sérlega áhugasamur um dýrlinga og helga dóma, svo sem lesa má í sögu hans. Annar klerkur sem átti veigamikinn þátt í helgun Þorláks var Ormur Eyjólfsson (d. 1205), fyrrverandi *capellanus* eða kapelluprestur hans. Sem slíkur hafði Ormur þessi verið hægri hönd biskupsins og ráðgjafi. Í svokölluðum „Oddaverjapætti“, sem er innskot í B-gerð *Þorláks sögu*, skiptir hann sér af hatrömmum deilum

11 Fyrst árið 1237 var Þorláksmessa á sumri í lög leidd á beinadegi Þorláks.

12 Guðbrandur Vigfússon et al. 1856–1878 1, 216. Í D-gerð *Guðmundar sögu* er vísað í sama stað í þessum prologus en með öðru orðalagi: „þat efni tók hann upp í fyrstu fyrir bæn eða boð virðuligrs herra Guðmundar Hólabiskups“ (Guðbrandur Vigfússon et al. 1856–1878 2, 31). Hér virðist sama latneska setningin þýdd með öðrum orðum svo líklega hefur skrifari D-gerðarinnar unnið beint með latínutexta, annaðhvort með *Vita sancti Johannis* eða lífssögu Guðmundar á latínu eftir Arngrím.

13 Þegar Guðmundur var orðinn biskup og stóð í deilum við höfðingja á Norðurlandi slettist einnig upp á vinskapi þeirra Gunnlaugs; sbr. *Guðmundar saga* A (Guðbrandur Vigfússon et al. 1856–1878 1, 465, 502), og *Guðmundar saga* D (Guðbrandur Vigfússon et al. 1856–1878 2, 31). Guðmundur bannaði Gunnlaugi að syngja nýortar *Ambrosíustíðir* sínar (*nova historia sancti Ambrosii*) í Hólakirkju skv. D-gerð *Guðmundar sögu* (Guðbrandur Vigfússon et al. 1856–1878 2, 77). Atburðurinn virðist hafa gerst áður en Guðmundur var hrakinn frá Hólum 1209; sjá einnig Katrín Axelsdóttir 2005, 337–349.

Þorláks við Jón Loftsson, höfðingja Oddaverja og valdamesta mann á Íslandi á þessum tíma, og fær Þorlák til að fresta bannfæringu yfir Jóni. Eftir dauða Þorláks í lok árs 1193 sat Ormur hjá Brandi biskupi á Hólum og lagði á ráðin með Guðmundi. Engum áformum um helgun Þorláks varð hins vegar fram komið á meðan Jón Loftsson var á lífi. En þegar Jón andaðist 1. nóvember 1197 hófust klerkar handa af alvöru. Svo segir í D-gerð Guðmundar sögu:

Greindum árgang [1197] fundust þeir Guðmundr góði ok sira Ormr, talandi með sèr þat er Þorláki biskupi tilheyrði; sagðist sira Ormr þess vænta, at hans elskuligr faðir veri góðr maðr fyrir guði, en sira Guðmundr vann þar meira at með fortaks orðum, at Þorlákr biskup veri hinn helgasti maðr, ok eigi mundi langt áðr en þat yrði ljóst öllu landsfólki. Svá fylldist þessi spásaga, at með birtingum ok fögrum jartegnum fyrirförundum varð blezaðr Þorlákr á næsta ári eptir *translatus*. Var biskup *Holensis*, sira Guðmundr ok sira Ormr þá í Skálaholti, eptir bæn herra Páls í þeirri embættisgjörð, er eigi var fyrr framin í því landi.¹⁴

Þarna er rétt að taka sérstaklega eftir orðalaginu „með birtingum ok fögrum jartegnum fyrirförundum varð blezaðr Þorlákr á næsta ári eptir *translatus*“. Orðið „birting“ hér er samheiti „vitrunar“ eða „sýnar“ (*visio, revelacio*). Slíkum vitrunum eða kraftaverkum var tekið sem sönnun þess að Þorlákur væri heilagur og stæði í sérlega nánu sambandi við Guð almáttugan og gæti haft áhrif á hann til góðs fyrir skjólstæðinga sína. Frásagnir af slíkum atburðum eða kraftaverkum þurfti að sjálfsgöðu að skjalfesta vandlega. Hér er því vísað til skráðra vitrana og jarteina sem notaðar voru til að réttlæta beinaupptöku Þorláks sumarið 1198.

Hinn aldni stórhöfðingi Gissur Hallsson í Haukadal kom bersýnilega einnig við sögu þessa máls því að í B-gerð *Þorláks sögu* mælir Gissur á þennan hátt við Þorlák er hann liggur banaleguna (A-gerð sögunnar hefur smávægilegan orðalagsmun):

Þá mælti Gizurr annat sinn þat ørendi at nú má auðsýnt vera at heilagur andi hefir mælt með honum: „Þess biðjum vér yðr, herra“, sagði hann, „þó at þér skilizk nú sýniliga við oss at líkamligri

14 Guðbrandur Vigfússon et al. 1856–1878 2, 23.

samvist: Verið oss andligir faðir ok árnandi miskunnar við almáttigan Guð, því at vér trúm því at þér munuð eigi minna hafa vald í andligu lífi með Guði en nú hafi þér.“¹⁵

Þorlákur svarar engu í líkingu Krists, eins og frásagnarmaður bendir á. Fyrir andlátið þyrstir Þorlák og er það jafnframt túlkað með vísun til píslarsögunnar. Gissur biður hinn deyjandi Þorlák að gerast helgur maður, árnaðarmaður og milligöngumaður við Drottin. Gissur Hallsson var framarlega í öllu sem gerðist eftir dauða biskupsins samkvæmt sögunni og hélt ræðu yfir moldum hans sem skipar veglegan sess í lífssögunni. Því mætti álykta að Gissur hafi mögulega hlutast til um helgun Þorláks og samningu latínutextanna tveggja sem tengjast þeirri kirkjulegu embættisgjörð. Undir lok greinarinnar er vikið nánar að sambandi lífssögu Þorláks á latínu, *Vita S. Thorlaci*, og vitranarits Gunnlaugs, og reynt að svara því hver hafi skrifað hið fyrrnefnda.

Rekjum áfram atburði þá sem leiddu til helgunar Þorláks. Sumarið eftir samtal þeirra Guðmundar ríður Ormur *capellanus* ásamt öðrum klerkum til alþingis með „bréf“ Brands biskups til Páls Jónssonar Skálholtsbiskups og annarra höfðingja, eins og segir í A-gerð *Þorláks sögu*:

Ormr prestur fór þess ørendis til alþingis um sumarit eptir [1198], vegna Brands byskups, at segja hverjar jarteinir höfðu orðit af helgi Þorláks byskups í þeim heruðum. [Brandr byskup] ... lét bera fram bréf sín Páli byskupi ok öðrum höfðingjum, ok var þar á vitnisburðr margra jarteina Þorláks byskups ... Þat var ráð manna með orðsendingu Brands byskups at Páll byskup kvað þat upp Pétrsmessudag [29. júní] í löggrétu, at öllum mönnum skyldu leyfð áheiti á hinn sæla Þorlák byskup.¹⁶

Ormur hafði með sér til alþingis rit frá Brandi biskupi sem geymdi vitnisburð um jarteinir Þorláks. Orðið „bréf“, sem dregið er af latneska lýsingarorðinu *brevis, breve* („stuttur, stutt“), merkir á þessum tíma skrif í styttra lagi eða skjal, einnig skilaboð send á slíku skjali, þótt síðar verði þrengri

¹⁵ Ásdís Egilsdóttir 2002, 187; sbr. 81.

¹⁶ Sama rit, 85–86.

merkingin „sendibréf“ algerlega ofan á.¹⁷ Þessi skrif, sem á stóð „vitnisburðr margra jarteina Þorláks byskups“, hafa innihaldið þær frásagnir sem við sáum að ofan í D-gerð *Guðmundar sögu* að vísað var til með orðalaginu „með birtíngum ok fögrum jartegnum fyrirförundum varð blezaðr Þorlákr á næsta ári eptir *translatu*s“. Þarna er því um að ræða fyllilega sambærilegt rit því sem ég hef hér leyft mér að kalla **Revelaciones Thorlaci episcopi* eftir Gunnlaug á Þingeyrum. Frumkvöðlarnir að málinu og sendimaður Brands biskups eru þeir sömu (Guðmundur og Ormur) og efnið er hið sama, vitranir og jarteinir um Þorlák. Í elstu þýðingum er orðið „jartein“ notað sem þýðing á *miraculum*, *signum* eða *virtus*, og hefur því almenna merkingu sem nær yfir vitranir. Í „bréfum“ Brands hefur því ekki verið eiginlegt jarteinasafn eins og við myndum kalla með áheitasögum, enda er fyrsta sagan af því tagi í Þorláks sögu einmitt sögð af hesti Orms kapelláns á leið til alþingis sumarið 1198, og getur því ekki hafa verið í bréfum Brands biskups.¹⁸ Ef ekki er hér um sama ritið að ræða þarf því að gera ráð fyrir öðru og aðskyldu riti um sama efni sem skrifað hefur verið um sama leyti að frumkvæði sömu manna sem myndi þýða að tvö eins rit væru glötuð. Mun einfaldara er að gera ráð fyrir einu riti.

Í fræðiritum bregður því fyrir að íslenskir klerkar á miðöldum hafi kunnað litla latínu og, ólíkt öðrum lærdómsmönnum í vestrómverskum menningarheimi, sjaldan eða aldrei sjálfir notað þessa höfuðtungu kristinnar kirkju. Þeir sem hafa vanist þessari að ég tel lífseigu tímaskekkju í íslenskum miðaldafræðum gera kannski ósjálfrátt ráð fyrir því að þarna hljóti að hafa verið á ferðinni norræn drög vitrananna sem Guðmundur sendi Gunnlaugi að hann skyldi dikta. En fyrst af öllu er óvíst að uppkast ritsins hafi verið á norrænu. Mun líklegra er, efnisins vegna, að það hafi verið á latínu. Og undir öllum kringumstæðum er það fráleitt í svo mikilvægu máli að Hólamenn hafi sent hálfkörüð drög til alþingis í stað þess fullfrágengna rits sem mesti latínuklerkur á Íslandi var fenginn til að dikta. Hvenær ætti Gunnlaugur annars að hafa diktað vitranir þessar um Þorlák ef ekki fyrir alþingi 1198? Fljótlega eftir að áheit voru leyfð og bein Þorláks

17 Um merkingu orðsins „bréf“ sjá einnig Magnús Jónsson 1940, 45–46. Dæmi má finna í orðabók Fritzners og á netinu hjá *Hinni norrænu lausamálsorðabók* Árnanevndar í Kaupmannahöfn: <www.dataonp.hum.ku.dk>.

18 Ásdís Egilsdóttir 2002, 86, 195.

upp tekin hafa menn snúið sér að öðru, nefnilega skráningu áheitasagna og ritun lífssögunnar. Á alþingi 1199 lét Páll lesa úr því riti fyrir þingheim.

Helgisagnaritun varðaði snemma æðstu stjórn kirkjunnar, kallaði eins og hver önnur helgiathöfn á kaþólsk viðmið sem viðurkennd voru í gjörvallri rómverskri kristni. Aðgerð sem þessi, þótt hún væri framkvæmd á hjara veraldar, varðaði kirkjuna alla enda dýrlingar alþjóðlegt, raunar alheimslegt, fyrirbæri og mælikvarðinn á mátt þeirra frammi fyrir Guði hve langt út fyrir landamæri heimalanda sinna heilagleiki þeirra staðfestist með jarteinum. Að taka Þorlák í dýrlingatölu var þar að auki álitamál vegna undangenginna deilna biskupsins sáluga við íslenska höfðingja, einkum Oddaverjann Jón Loftsson, sem svo vildi til að var faðir Páls Skálholtsbiskups sem bréf Brands áttu einmitt að sannfæra. Málið var auk þess hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi, eins og heimildir ítreka. Að flytja það án þess að færa sér í nyt bókmal Rómakirkju, hinn rétta miðil fyrir slíkan boðskap, hefði beinlínis grafið undan trúverðugleika boðskaparins.¹⁹

Handritaleifðin bendir til hins sama. Elsti varðveitti texti um Þorlák helga frá því um 1200 er á latínu, ekki norrænu. Þetta er handritsbrotið AM 386 4to I, sem samanstendur af þremur aðskildum skinnblöðum og hafa bersýnlega verið rifin úr bókinni og notuð í bókband. Brotið geymir latneskan sögutexta úr *Vita S. Thorlaci* ásamt pörtum úr latneskum jarteinum. Allar latnesku jarteinirnar sem varðveist hafa í þessu og öðrum brotum segja frá atburðum sem gerðust sumarið 1198. Sýnir það svo ekki verður um villst að frá elstu tíð var latína notuð við helgun Þorláks, á meðan engar vísbendingar eru um að norrænir helgisögutextar um Þorlák hafi verið til svo snemma. Ég hef áður sýnt að *Þorláks saga* á norrænu er einfaldlega þýðing á latneskum texta *Vita S. Thorlaci*, og að allar þekktar gerðir sögunnar, A, B og C (og væntanlega líka brotin D og E), eigi uppruna í einni og sömu þýðingu, enda nógu líkar til þess að hægt er að prenta þær sem einn texta með lesbrigðum.²⁰ Þessi þýðing getur ekki verið eldri en

19 Líf- og jarteinasögur dýrlinga mátti auðvitað þýða síðar á þjóðtungu, bæði jafnóðum við upplestur latínutextans á messudegi dýrlingsins og skriflega í rituðum lestrarbókum, eins og dæmin sanna. En það voru þýðingar fyrir ólærða sem að mati klerka og kirkjuyfirvalda voru aðeins hjálpartæki og gátu aldrei komið í stað hinna sönnu texta.

20 Sbr. Jón Helgason 1978, 177ff.

frá 1206 og ekki yngri en frá um 1220.²¹ Textafræðileg athugun á latnesku brotunum og norrænu sögunum styður því þá kirkjusögulega augljósu niðurstöðu að heilagleiki Þorláks hafi verið skjalfestur á latínu.

Bréf Eiríks erkibiskups til Páls Skálholtsbiskups

Biskuparnir Brandur Sæmundsson á Hólum og Páll Jónsson í Skálholti koma mikið við sögu þessa máls. Sá fyrri hefur stutt frumkvæði Guðmundar og Orms og samþykkt að Ormur færi á vegum biskups til alþingis 1198 með erindi um heilagleika Þorláks. En það kom í hlut Páls að taka ákvörðunina um að leyfa áheit á Þorlák strax á þinginu, skipuleggja beinaupptökuna þá um sumarið, búa um heilaga dóma hans í Skálholtskirkju og lögleiða messudag dýrlingsins sumarið 1199.

Nú var málum þannig hátað að Páll biskup var óskilgetinn sonur Jóns Loftssonar, og móðir hans Ragnheiður hafði ekki aðeins verið frilla Jóns heldur var hún í ofanálag systir Þorláks biskups. Samband Jóns við hana hafði valdið hörðum deilum á milli þeirra Þorláks (sem lesa má um í „Oddaverjaþætti“). Þessar deilur kölluðu jafnframt á strangar áminningar og bannhótanir tveggja erkibiskupa, þeirra Eysteins (*DI* 1, 260–264) og Eiríks (*DI* 1, 289–291), Þorláki til stuðnings. Í bréfum erkibiskupanna er Jón Loftsson nafngreindur fremstur meðal frillulífsmanna á Íslandi.²² Parna hefur slegið alvarlega í brýnu með íslenskum höfðingjum og yfirstjórn kirkjunnar. Ráðandi klerkar á þessum tíma kunnu vel að beita á höfðingja þeirri flóknu kenningu sem bauð að lina skyldi refsingar Guðs í eilífðinni

21 Sjá Gottskálk Jensson 2004, 150–170; Gottskálk Jensson 2009, 102–105, og Fahn og Gottskálk Jensson 2010, 21–23.

22 Jón Sigurðsson hefur sýnt í útgáfu sinni á þeim að bréf erkibiskupanna Eysteins og Eiríks til íslenskra biskupa og höfðingja voru skrifuð á latínu, þótt þau séu nú aðeins varðveitt á norrænu í skinnbók frá ofanverðri 15. öld, AM 186 4to: „embættibréf erkibiskupa og skipanir hafa öll verið rituð á latínu upphaflega, en íslenzkuð síðar, eptir að þau hafa verið komin út til Íslands. Þetta er bæði eðlilegt í sjálfu sér, og samkvæmt kirkjunnar reglum á þeim tímum“ (*DI* 1, 220). Magnús Noregskonungur ritar Eysteinu erkibiskupi í Niðarósi jafnvel á latínu (bréf dagsett 24. mars 1174: *DI* 1, 223–230). Afritið af bréfi Eiríks til íslenskra biskupa (1189), sem varðveitt er í AM 186 4to, s. 110–114, telur Jón greinilega þýtt úr latínu, af þeim sama og skrifaði handritið allt. Í þessu bréfi hefur þýðandinn fyrst skilið eftir eyður í þýðingunni þar sem hann treysti sér ekki til að þýða latínuna en glósað utanmáls þau latnesku orð sem hann átti í vandræðum með. Jón getur sér til að ritarinn hafi þá ráðfært sig við aðra klerka því hann hefur síðar notað annað blek þegar hann fyllti í eyðurnar með þýðingum þeirra orða sem á vantaði (*DI* 1, 285).

fyrir ýmsar syndir, ekki síst í einkalífinu, með kerfisbundnum og auðmýkjandi skriftum eða föstum. Um þetta valdataeki klerka bera skriftaboð Þorláks biskups ágætt vitni.²³

Páli Skálholtsbiskupi var því vandi á höndum í þessu máli. Þótt hann væri að sögn vel menntaður í klerklegum fræðum hafði hann aðeins verið djákni að vígslu, eins og faðir hans, þegar hann var kjörinn til biskups eftir Þorlák fyrir tilstilli föður síns. Í sögu Páls er gefið í skyn að erindi Norðlendinga um helgi Þorláks hafi með yfirnáttúrlegum hætti bjargað biskupsdómi Páls. Kaflann má lesa sem eins konar apológíu fyrir Pál vegna þess hve lítt áhugasamur hann hafði verið um heilagleika Þorláks framan af.

Á inu þriðja ári byskupsdóms Páls byskups andaðisk Jón Loptsson, faðir hans, allra heilagra messu [1. nóvember], sá maðr er þá var gofgastr hofðingi á öllu Íslandi. Hann virði sér þat mikit niðrfall vera, er þá var þess manns við misst er mest mátti hans virðing hefja ok styrkja ok var skyldastr til allra manna. En allsvaldandi Guð, sem hans gipt ok gæfu lét ávallt vaxa dag frá degi en aldregi minnka, gæddi svá hans virðing at engi maðr hafði áðr á Íslandi orðit af sínum frændum jafn gofugr ok tiginn sem hann varð þá af sínum náfrænda, Þorláki inum helga byskupi, af því at þá birti almáttigr Guð dýrð hans ok heilagleik, fyrst fyrir norðan land en síðan um allt Ísland ok öll lönd önnur, þau er í nánd váru. En þótt Páll byskup yrði þessum tíðendum fegnari en flestir aðrir þá fór hann þó svá varúðliga með því máli at hann hafði alla hofðingja ok ina vitrustu menn fyrir sér, mest um þeira atkvæði ok meðferðir þessa máls, ok var þat eigi trútt at eigi legðisk sá orðrómr á af nokkurum mönnum at hann vildi þetta mál lítt á lopt færa af heilagleik ins sæla Þorláks byskups“.²⁴

Þegar Páll fór í vígsluferð sína á árunum 1194–1195 dvaldi hann mun lengur með Sverri konungi frænda sínum, sem þá var í banni páfa, en með Eiríki erkibiskupi.²⁵ Raunar dvaldi hann ekki í eiginlegum skilningi hjá Eiríki því erkibiskupinn var þá landflótta vegna Sverris konungs og hélt til í Lundi við hirð danska erkibiskupsins Absalons. Það var Absalon

23 Sveinbjörn Rafnsson 1982.

24 Ásdís Egilsdóttir 2002, 307.

25 Sama rit, 301–303.

sem vígði Pál en ekki Eiríkur. Saga Páls skýrir það svo að Eiríkur hafi verið viðstaddur en orðinn blindur og því forfallaður. Þó vígði þessi sami Eiríkur Guðmund Arason til biskups átta árum síðar í Niðarósi, og sá þá væntanlega lítt betur. Sennilega hefur Eiríkur ekki verið áfram um vígsluna og viljað tefja hana en staða hans verið veik í útleigðinni í Danmörku. *Páls saga* greinir frá því að vígslunni hafi verið flýtt að kröfu Knúts konungs Valdimarssonar. Danakonungur átti hér tæplega sjálfur hagsmuna að gæta og því nærtækt að ætla að hann hafi skipt sér af málinu af greiðasemi við Sverri, jafnvel að beiðni hans. Fyrir samneytið við bannfærðan Sverri konung var hinn nývígði biskup Páll ávitaður af ekki minna yfirvaldi en páfa Innocentíusi III. í bréfi dagsettu 30. júlí 1198.²⁶ Árið sem heilagleiki Þorláks var staðfestur á alþingi var staða Páls því mjög erfið. Hann hafði bæði misst helsta bakhjarl sinn á Íslandi, föður sinn, og fékk ávitur frá æðsta yfirvaldi Rómakirkju.

Einhvern tíma um þetta leyti, líklega nokkrum árum fyrr, hefur Eiríkur erkibiskup skrifað Páli bréf um heilagleika Þorláks. Í *Þorláks sögu A* er tekin upp glefsa úr þessu skrifi: „Ágætan bróður várn, Þorlák byskup, góðrar minningar, trúm vér helgan verit hafa í lífinu, en nú dýrlegan kraptanna gimstein fyrir Guði ok mikils ráðanda.“²⁷ Í B-gerðinni er greinilega að finna sömu glefsu en orðaða dálítið öðruvísi: „Göfugligan bróður várn, Þorlák byskup, sem nú er andaðr er gott á at minnask, hvern vér trúm helgan verit hafa í sínu lífi ok dýrligan eptir lífit.“²⁸ Þarna er ótvírætt um sama bréfið að ræða og liggur beinast við að skýra orðalagsmuninn sem tvær sjálfstæðar þýðingar þar sem A-gerðin sé fyllri en B-gerðin. Bréfið hefur upphaflega verið skrifað á latínu, eins og önnur bréf erkibiskupa til Íslendinga á þessum tíma.²⁹ Í bréfinu koma enda fyrir latneskar formúlur auðþekkjanlegar þeim sem haft hafa einhver kynni af embættisbréfum kirkjuhöfðingja. Það má freista þess að endurheimta upprunalegt orðalag bréfsins á grundvelli þýðinganna tveggja og formfastrar hefðar í stílun slíkra bréfa:

26 Bréfið er varðveitt í upprunalegri gerð (*DI* 1, 298–301). Fer páfi þar hörðum orðum um að biskupar skuli „dirfast að eiga samneyti við bannfærða menn, og einkum Sverri, bannfærðan mann og trúvilling sem vegna gjörða sinna er óvinur Guðs og dýrlinga hans“ („et quod excommunicatis communicare præsumentis, et præsertim Svero, et excommunicato et apostata, Deo et sanctis ejus pro suis actibus inimico“) (300).

27 Ásdís Egilsdóttir 2002, 85.

28 Sama rit 193.

29 Sjá nmgr. 22.

Venerabilem fratrem nostrum, Thorlacum episcopum, beate memorie, sanctum fuisse credimus in vita sua et post vitam gemmam virtutum pretiosam coram Deo ac valde regentem.

Eitthvað þessu líkt hefur orðfærið vísast verið í bréfi Eiríks erkibiskups til Páls Jónssonar Skálholtsbiskups. En hvaða ár var bréfið skrifað og af hvaða tilefni? Svarið við þeirri spurningu ræður miklu um hver átti í raun frumkvæðið að helgun Þorláks.

Í A-gerð sögunnar er bréfið beinlínis tengt við umræðuna sem upphófst eftir dauða Þorláks er lærðir menn sögðu „at annat hvárt myndi helgi Þorláks byskups upp koma ella myndi þess eigi auðit verða á Íslandi, svá sem Eiríkr erkibyskup bar vitni um í bréfi því er hann sendi Páli byskupi, svá segjandi“.³⁰ Í B-gerðinni stendur bréfið á sama stað í sögunni og samhengið er óbreytt.³¹ Spurningin er hvort hér sé beinlínis haft eftir Eiríki að annaðhvort muni helgi Þorláks „koma upp“ eða einskis manns á Íslandi og hefur það þá einnig staðið í bréfinu, hugsanlega rétt á undan hinum tilvitnuðu orðum bréfsins? Þetta er hins vegar ekki alveg ljóst, því einnig væri mögulegt að lesa söguna svo að orðin „svá sem Eiríkr erkibyskup bar vitni um í bréfi“ (A-gerð) vísi aðeins til hinna tilvitnuðu orða sem á eftir fara en ekki til ummælanna á undan. En þar sem fáar vísbendingar eru um tímasetningu bréfsins, aðrar en hið sögulega samhengi, er þó eðlilegast að slíta það ekki úr því samhengi. *Terminus post quem* er sumarið 1194 (Þorlákur lést rétt fyrir jól 1193 og engar skipasamgöngur hafa verið við Noreg fyrr en að vori) og *terminus ante quem* 1205 þegar Eiríkur lét af embætti.

Fleira en samhengið í *Þorláks sögu* bendir til þess að bréf Eiríks sé skrifað fyrir beinaupptökuna 1198 því svipur er með ummælum erkibiskupsins og áður nefndri bón Gissurar Hallssonar sem hann, samkvæmt *Þorláks sögu*, setti fram við dýrlinginn á dánarbeði: „Verið oss andligr faðir ok árnanði miskunnar við almáttigan Guð, því at vér trúum því at þér munuð eigi minna hafa vald í andligu lífi með Guði en nú hafi þér.“³² Orð Gissurar eru að öllum líkindum þýdd úr *Vita S. Thorlaci*, og þeirri latnesku málsgrein

30 Ásdís Egilsdóttir 2002, 85.

31 Sama rit, 193: „Margra vitra manna orð váru á því at annat hvárt myndi helgi Þorláks byskups upp koma ella myndi þess öngum auðit vera hér á Íslandi. Svá mælti ok Eiríkr erki-byskup í bréfi því er hann sendi Páli byskupi...“.

32 Ásdís Egilsdóttir 2002, 187; sbr. 81.

sem höfundur sögunnar diktaði þarna upprunalega hefur þá verið ætlað að sýna Gissur í jákvæðu ljósi, mælandi við Þorlák nánast sömu orðum og Eiríkur notaði í bréfi sínu til Páls. Önnur skýring á þessu svipaða orðalagi getur verið sú að það ráðist einfaldlega af hefðbundinni lýsingu á hlutverki dýrlinga, að eftir þetta líf hafi þeir „eigi minna ... vald í andlegu lífi með Guði“ (orð Gissurar í sögunni) eða að í framhaldslífinu séu þeir „fyrir Guði ... mikils ráðanda“ (orð Eiríks í sögunni). En fyrri skýringuna er þó ekki hægt að útiloka í ljósi annarra sögulegra vísbendinga um aldur bréfsins.

Heilagleiki Þorláks hefur hugnast kirkjuvaldshreyfingu þeirri á Norður-löndum sem Hadrianus IV. stofnaði með hjálp kanoka í París og á Englandi af því að Þorlákur var einn af þeirra liðsmönnum. Öllum klerkum á Íslandi og í Noregi hefur auk þess þótt tímabært að Íslendingar eignuðust helgan mann. Ekki var aðeins að Norðmenn hafi þegar átt nokkra helga menn heldur höfðu Orkneyingar einnig lengi átt Magnús helga, eins og greint er frá í *Orkneyinga sögu* og rituð var á Íslandi um 1180.³³ Í „Rannveigar leiðslu“ er vitnisburður um átrúnað Íslendinga á þessum tíma en þar ákallar Rannveig „fyrst Mariam drottningu ok Pétr postola. Hon kallaði á hinn heilaga Ólaf konung ok Magnús jarl inn helga, ok Hallvarð, því at menn hétu þá mjök á þá hér á landi.“³⁴ Leiðslan á að hafa átt sér stað þváttdag að föstuígang 7. febrúar 1198, eða fáeinum mánuðum áður en heilagleiki Þorláks er opinberaður á alþingi, þótt skrásetjarinn horfi á atburði úr nokkurri fjarlægð í tíma eins og sést af tilvitnuninni.³⁵

Andlát Þorláks hefur verið þeim mun meira viðeigandi efni í bréfi Eiríks erkibiskups til Páls biskups því nær andlátinu sem það hefur verið

33 Helgi Guðmundsson 1997, 274.

34 Stefán Karlsson 1983, 94–95. „Rannveigar leiðsla“ kemur fyrir í öllum gerðum *Guðmundar sögu* og hefur hún að mati Stefáns Karlssonar einnig staðið í frumgerðinni, **Prestssögu Guðmundar*, frá fyrri hluta 13. aldar (Stefán Karlsson 1983, 247). Um Magnús Eyjajarl og Íslendinga, sjá Haki Antonsson 2007, 17–22.

35 Hér er ekki rúm til þess að ræða uppruna „Rannveigar leiðslu“ en margt í henni er líkt efninu úr **Revelaciones Thorlaci episcopi*: 1) að Rannveig segir Guðmundi Arasyni af vitrun sinni; 2) Rannveig fær fyrirmæli í vitrun sinni um að segja hana helstu kennimönnum; 3) Björn einsetumaður á Þingeyrum er nefndur; 4) Þorlákur biskup virðist ekki hafa afgerandi sérstöðu meðal heilagra manna íslenskra, sem allnokkrir eru nefndir, en það staðfestir að sýnin sé frá því fyrir alþingi 1198; 5) Ólafur konungur, Magnús jarl og hinn heilagi Hallvarður reyna að fullvissa Rannveigu um að ekki skorti heilaga menn á Íslandi, eigi séu á öðrum löndum „at jafnmiklum mannfjölda“ fleiri heilagir menn en á Íslandi. Virðist sú fullyrðing ætluð til að sefa áhyggjur manna að ekki hafi enn komið upp helgi neins manns á Íslandi.

skrifað. Ef bréf Eiríks er hins vegar svar við bréfum þeim sem Páll kom á Guðmund Arason þegar hann hélt í vígsluferð sína til Niðaróss 1202 (þessi bréf eru nefnd í sögum beggja biskupa), hefur Páll ekki sagt frá helgun Þorláks fyrr en fjórum árum eftir atburðina. Ósennilegt verður að teljast að Páll hafi dregið svo lengi að segja erkibiskupi frá þeim gleðilega atburði að helgi Þorláks hafi komið upp á Íslandi. Erkibiskupinn var, eins og Þorlákur, Parísarmenntaður kanoki sem lifði undir reglu Ágústínusar og ekki er ósennilegt að þeir hafi þekkt frá námsárum Þorláks í París 1153–1160.³⁶ Í B-gerð *Þorláks sögu* segir að þegar Þorlákur sneri aftur eftir sex ára dvöl utanlands hafði hann „sér at fararblóma lærdóm ok lítillæti ok marga góða siðu þá er hann sá í sinni brotferð með mörgum góðum mönnum, byskupum ok öðrum lærðum mönnum ok ráðvöndum“.³⁷ Þegar Eiríkur kallar Þorlák „bróðr vörn“ (*fratrem nostrem*) í bréfi sínu kann því að liggja meira að baki en innantóm kristileg formlegheit. Faðir Eiríks, Ívar Kálfsson skrauthanski, var að vísu Íslendingur en líklega hefur þjóðernið skipt minna máli en kanokabroðernið. Samkvæmt sögu Þorláks hittust þeir Eiríkur aftur í Niðarósi þegar Þorlákur fór í vígsluför sína 1177–1178.³⁸ Þorlákur stofnaði fyrsta íslenska kanokasetrið undir reglu Ágústínusar á Þykkvabæ í Veri. Og jafnvel eftir að hann varð biskup í Skálholti hélt hann áfram að lifa undir kanokareglu og gekk í einkennisklæðnaði reglunnar,³⁹ enda birtist hann fólki iðulega í vitrunum klæddur „í svartri kápu“ eða „kanokabúningi“. Hollusta hans undir páfa, erkibiskup og hina herskáu hreyfingu kirkjuvaldsmanna á Norðurlöndum hefur verið algjör því fóstur

36 Um norsku erkibiskupana Eysteinn, Eirík og Þóri og tengsl þeirra við St. Victor klaustrið í París, sjá Arne Odd Johnsen 1939 og 1943–1946. Tengsl Þorláks við ráðandi klerka í Noregi náðu áreiðanlega allar götur aftur til þess er hann hélt til Björgvinja 1153. Þá var Nikulás Breakspear kardináli, síðar Hadrianus IV. páfi, á Norðurlöndum í þeim erindagjörðum fyrir páfa að stofna erkibiskupsstól í Niðarósi. Setti hann meðal annars kórsbræður við allar dómkirkjur í Noregi sem skyldu kjósa biskupa og erkibiskupa í samræmi við gregorískar lagasetningar. Endurskipulagning norsku kirkjunnar kallaði á betur menntaða og fleiri klerka, og voru efnilegir ungir Norðmenn því sendir til skólunar í París hjá kanokum sem fylgdu reglu Ágústínusar, en þar átti Breakspear sjálfur rætur. Í París var á þessum tíma mesta miðstöð háskólastarfs í allri álfunni. Þorlákur hefur slegist í hópinn en námsár hans falla saman við valdatíma Hadrianusar IV. Um tíma dvaldi hann í Lincoln, sem þá var miðstöð franskrar menntunar á Englandi.

37 Ásdís Egilsdóttir 2002, 148.

38 Sama rit, 65–66, 157.

39 Sama rit, 67.

hans í Odda hjá Eyjólfí Sæmundssyni leggur að því er virðist engar skyldur á herðar hans í deilunum við Jón Loftsson.

Páll þurfti mjög á því að halda að bæta samband sitt við Eirík og kirkju-leg yfirvöld, eins og páfabréfið frá 1198 ber með sér. En einnig vegur þungt að ef bréf erkibiskups er frá 1202–1203 hefur tilvitnunin í það í *Þorláks sögu* lent í röngu samhengi. Og undarlegt má þá einnig þykja að ekki hefur verið skýrt frá því í *Vita S. Thorlaci*, og þar með í *Þorláks sögu*, að sjálfur erkibiskupinn hafi staðfest dýrlingsstöðu Þorláks eftir rannsókn á þeim bréfum sem Páll sendi honum með Guðmundi, en þar í hefur án efa verið *Vita St. Thorlaci* með jarteinasögum. Því er sennilegra að bréfið sé eldra og að Páll hafi fengið það í hendur þegar hann var í vígsluferð sinni 1194–1195 og hitti erkibiskupinn í eigin persónu.⁴⁰ Sú tímasetning samræmist jafnframt best samhengi þess í *Þorláks sögu*, áhyggjum lærðra manna af því hvort yfirnáttúrlægir atburðir myndu verða sem sýndu að Þorlákur væri fyrsti Íslendingurinn nokkru sinni sem öðlast hefði þvílíka dýrð fyrir Guði.

Kirkjuvaldsmenn í Noregi hafa aðeins getað litið það jákvæðum augum að Þorlákur væri tekinn í dýrlingatölu, og talið það efla þeirra málstað á Íslandi. Með vígslu Páls, sonar Jóns Loftssonar, sem eftirmanns Þorláks hallaði á kirkjuvaldsmenn og Böglunga en bandamenn Sverris og Birkibeina á Íslandi styrktust. Í ljósi þess má ætla að Eiríki hafi þótt hjálpræði í því að upphefja minningu Þorláks. Ef bréfið er frá þessum tíma myndi það jafnframt skýra hvers vegna, eins og áður var nefnt, sá orðrómur lagðist á Pál „at hann vildi þetta mál lítt á lopt færa af heilagleik ins sæla Þorláks byskups“. Sá orðrómur virðist nefnilega ekki eiga við ef Norðlendingar fundu þetta upp hjá sjálfum sér og málið um heilagleik Þorláks kom fyrst fram opinberlega þegar erindi Brands var flutt á þingi sumarið 1198. Á þinginu segir aðeins að Páll hafi ráðgast við lærða menn um málið, en hann var fljótur að taka ákvörðun og vann staðfastlega að framgangi málsins þegar það hafði fengið brautargengi meðal klerka á þinginu. Það er því engu líkara en orðrómurinn um tregðu Páls vísi til atburða sem gerðust fyrr, enda hefur tæplega nokkur maður getað fundið að framgöngu biskups í málinu eftir þingið 1198.

Í sögu Páls segir að eftir biskupsvígslu sína 1195 hafi hann farið út til Íslands sama sumar og komið í Eyjafjörð. Þar hafi hann haldið mikla veislu

40 Sama rit, 301–303.

fyrir Brand Hólabiskup og aðra vini sína.⁴¹ Ef Páll hefur á þessum fundi haft tilvitnað bréf Eiríks með sér og sagt Brandi biskupi frá efni þess, eins og eðlilegt má teljast, verður það skiljanlegra hvers vegna norðlenskir klerkar taka að beita sér fyrir því að heilagleiki Þorláks komi fram á næstu misserum, einkum og sér í lagi ef þeir hafa séð að málinu varð ekki þokað á Suðurlandi þar sem Jón Loftsson, faðir Páls, drap það niður. Ef rætt hefur verið um heilagleika Þorláks strax í vígsluför Páls verður sömuleiðis auðveldara að skýra fremur írónísk ummæli Sverris konungs um helgan mátt Þorláks, þegar hann segir að feðgunum Erlingi skakka og Magnúsi syni hans „hefði þá allir hlutir léttast gengit er þeira var vingan á milli ok Þorlákr var þar í landi, bæði í sóknum ok nálíga velflest annat.“⁴² Ummælin er að finna í *Þorláks sögu* og þarna er vísað til vígsluferðar Þorláks sem hann fór 1177–1178, eða um það leyti sem Sverrir hafði tekið sér konungsnafn og stóð í stríði við Erling jarl og Magnús. Magnús var drengur að aldri þegar Eysteinn erkibiskup krýndi hann 1163 konung yfir Noregi með landið í léni frá Ólafi helga. Viðstaddir þá athöfn voru Stefán af Orvieto, sendimaður Alexanders III. páfa, og Jón Loftsson. Sverrir konungur virðist gefa í skyn að óvinum sínum, sem hann réð báða af dögum, hafi vegnað vel á meðan Þorlákur dvaldi hjá þeim vegna þess að Guð hafi viljað veita vinum Þorláks. Ummæli Sverris eru aðeins skiljanleg ef þau eru látin falla eftir að Þorlákur var orðinn dýrlingsefni, þ.e. að honum liðnum, og vel er hugsanlegt að heimildarmaðurinn sé einmitt Páll biskup sem, eins og áður sagði, dvaldi lengst af með Sverri á leiðinni í og úr vígsluferð sinni 1194–1195. Sverrir lést 9. mars 1202 en samkvæmt sögu Þorláks hafði hann þessi ummæli um Þorlák „opt uppi“. Það rímar ekki við að hann hafi frétt af atburðum á Íslandi skömmu fyrir andlát sitt. Ef Sverrir hafði spurnir af heilagleika Þorláks jafnvel fyrir 1198 er afar ósennilegt að Eiríkur erkibiskup hafi ekki þekkt til málsins löngu áður en Guðmundur færði honum bréfin frá Páli biskupi 1202. Þau bréf hafa að líkindum haft að geyma afrit af *Vita St. Thorlaci*, sem Eiríkur hefur tæplega verið mjög ánægður með, enda ekki minnst þar á baráttu Þorláks biskups gegn frilluhaldi Jóns Loftssonar, Gissurar Hallssonar og fleiri höfðingja.

Frumkvæði Guðmundar Arasonar og Norðlendinga í málinu hefur þá ekki stafað af einni saman þeirra „ofdirfð ok hvatvísi“ (orðfærið er úr

41 Sama rit, 303.

42 Sama rit, 65.

prologus *Jóns sögu helga*), hafi þeir stuðst við yfirlýsingu Eiríks erkibiskups í bréfinu til Páls og fundist Skálholtsbiskup halda svo illa á málínu til að gera föður sínum til hæfis að þeir neyddust sjálfir til að hefja framkvæmdir.

Efni „bréfa“ Brands og vitranaritsins um Þorlák

Í B-gerð *Þorláks sögu*, sem í sumu geymir eldri og heilli texta en A-gerðin – báðar eru þær frá miðri og ofanverðri 14. öld – er vísað til þess hvað af efni norrænu sögunnar kemur frá bréfum þeim eða riti sem Ormur fór með til alþingis á vegum Brands biskups árið 1198: „It sama sumar eptir sendi Brandr byskup Orm prest með öðrum klerkum sínum til alþingis ok lét bréf sín fram bera fyrir Pál byskup ok aðra lærða menn, ok var þar á vitnisburðr um þá hluti sem nú vāru sagðir“.⁴³

Þær frásagnir sem á undan fara í B-gerðinni (og eiga sér samsvörun í A-gerðinni, 19.–22. kafli) hefjast á lýsingu þess vanda sem upp kom við andlát Þorláks biskups þegar Brandur var einn biskupa eftir á Íslandi, mjög aldraður orðinn, en ófriður sá að hefjast milli norðlensku höfðingjanna Guðmundar dýra og Önundar Þorkelssonar sem leiddi til dauða þess síðar-nefnda í Önundarbrennu 7. maí 1197. Samkvæmt sögunni óttuðust klerkar að Þorlákur væri þeim að fullu horfinn og gerðu ekki ráð fyrir því að upp kæmi helgi hans, enda væri það, eins og áður sagði, einstæður atburður „sem aldregi hafði fyrr orðit at upp kæmi helgi og jarteinir nokkurs manns á Íslandi.“⁴⁴ Að helgi Þorláks „kæmi upp“ þýddi að Þorlákur tæki að birtast mönnum í vitrunum og kraftaverk gerðust fyrir árnaðarorð Þorláks eftir að hann var ákallaður með heitum. „Uppkoma“ heilagleika hans var forsenda þess að hægt væri að taka Þorlák í dýrlingatölu, því ef rétt var að staðið gátu æðstu klerkar, erkibiskup og páfi, ekki ákveðið slíkan kirkjulegan embættisgjörning án tilefnis. Frá sjónarhóli kristinnar var það Guð en ekki embættismenn kirkjunnar sem valdi hver skyldi verða dýrlingur. Þau fjögur ár sem liðin voru frá andláti Þorláks (og fram til þess að Jón Loftsson var allur) segir sagan jafnframt að menn hafi verið huggaðir í draumum og með fyrirboðum þar til Guð lét heilagleika Þorláks opinberast.

43 Sama rit, 195.

44 Sama rit, 192; sbr. svipuð ummæli tengd bréfi Eiríks á bls. 193.

Fyrsti atburðurinn gerist með eftirfarandi hætti: Bónda einn í Vatnsdal, eigi langt frá Þingeyrum, dremmir að maður kemur að sunnan yfir heiðina og bóndinn spyr fréttu af Þorláki, en fær þetta svar: „Eigi heitir hann nú Þorlákr. Hann heitir nú Ráðvaldr með Guði.“⁴⁵ Bóndinn vaknar og segir Karli ábóta á Þingeyrum draum sinn, en ábóti réð drauminn svo að nú væri Þorlákur andaður og hefði dýrð með Guði. Atburðurinn er tímasettur á jólum þegar eftir andlát Þorláks 1193 og áður en tíðindin um andlátið spyrjast norður í land. Nafnið „Ráðvaldr“ kemur fyrir í kafla um mannaheiti í *Skáldskaparmálum* („Heitir spekingr ráðvaldr“), en er hvorki líkt nafni „Þorláks“ né augljóst val af öðrum ástæðum. Í *Þorláks sögu* er þessi frásögn þýdd úr latínu og má því hugsa sér að í nýja nafninu felist einhver latneskur orðaleikur. Nokkur líking er með draumi Vatnsdalsbónda og ummælum Eiríks erkibiskups í áðurnefndu bréfi til Páls biskups. Lokaorð tilvitunarinnar í A-gerðinni „fyrir Guði ... mikils ráðanda“ minna á frásögn Vatnsdalsbóndans, að Þorlákur heiti nú „Ráðvaldr með Guði“. Ef glefsan úr bréfi erkibiskups hefur upprunalega endað á *coram Deo ac valde regentem*, eins og ég hef giskað á, mætti hugsa sér að það orðalag hafi mótað skráningu Karls ábóta á frásögn bóndans.⁴⁶ Sagnorðið *rego, regere, rexi* er þrisvar notað um ráðsemi Þorláks í þeim íslensku latínutextum sem varðveittir eru og atviksorðið *valde* („mjög“), sem hér herðir á merkingu lýsingarháttarins *regentem*, „ráðandi“, er notað í 20. línu lofkvæðis Bergs Sokkasonar um Þorlák frá því um 1350, svo endursköpun mín á texta bréfsins virðist í góðu samræmi við dæmigert klerklegt orðfæri á miðöldum.⁴⁷

Næst er frásögn, sem aðeins er varðveitt í C-gerð sögunnar, af atburði sem sömuleiðis tengist Þingeyraklaustri. Segir þar frá Birni einsetumanni (talinn meðal helgra manna í „Rannveigar leiðslu“) sem eftir dauða Þorláks

45 Sama rit, 192–193.

46 Nafnaleikurinn í þessari vitrun minnir nokkuð á nöfnin í spásögn beru konunnar í „Draumi Huga prests“ í *Hemings þætti Áslákssonar* í *Hauksbók*, sbr. nmgr. 85. Önnur skýring á Ráðvaldsnafninu, en síður líkleg, gæti tengst orðmyndinni *Consolator* (dregin af so. *consolor*, „ég hughreysti“) sem kemur fyrir í *Þorlákstíðum* (*sue plebis consolator*). Ef hún er skilin sem eiginnafr, hefur hún einhverja hljóðlíkingu við hið latneska nafn Þorláks, *Thorlacus* (o-ið og -lator fyrir -lacus). Þannig gæti hún ef til vill hafa orðið kveikjan að nafninu „Ráðvaldr“. Miðaldaþýðandi hefur ekki hikað við að setja sögnina *consolor* í orðsifjar við *consilium*, „ráð“, og *consulo*, „gefa ráð“. Tilsvær bóndans gæti þá hafa verið þannig í frumtexta: *Non Thorlacus sed Consolator apud Deum appellatus est*.

47 Ásdís Egilsdóttir 2002, 354 (*familian suam ... regere*), 363 (*Rexit ecclesiam*); Róbert Abraham Ottósson 1959, 82 (*Augustini / quem rexuit regula*); Fahn og Gottskálk Jensson 2010, 38 (*valde pusillo*).

hugleiddi iðulega líf og verðleika biskupsins. Heyrði hann oft í svefni rödd sem hvatti hann til að líkja eftir góðum siðum Þorláks: „Hafa hann [Þorlák] mest spanit til samvistu við almáttkan Guð tveir mannkostir, skírlífi og sonn ást við Guð ok menn.“⁴⁸ Þegar haft er í huga að vitranir þessar tengjast beint klaustrinu á Þingeyrum, án milligöngu annarra, virðist ljóst að Guðmundur prestur hefur ekki sent Gunnlaugi þessa vitrun „að hann skyldi dikta“. Sögurnar eru nokkuð augljóslega komnar beint frá Þingeyrum. Eins og við sáum að framan voru báðar þessar vitranir í bréfum Brands biskups þannig að hér er komin sterk vísbending um að vitranahluti bréfanna sem Ormur kapellán fór með til alþingis hafi verið ritaður á Þingeyrum.

Þá er stutt frásögn af draumi Gissurar Hallssonar og er sá atburður einnig tímasettur skömmu eftir andlát Þorláks biskups. Í drauminum sér Gissur Þorlák „sitja á kirkjunni í Skálaholti í byskupsskrúða sínum og bleza þaðan fólkið“.⁴⁹ Dreymandinn ræður draum sinn svo að Þorlákur muni verða yfirmaður „sinnar“ kristni á Íslandi og kirkjunnar í Skálholti. Eignarfornafnið er ef til vill takmarkandi og gæfi þá óbeint til kynna vitund um áform Norðlendinga að koma sér upp helgum manni fyrir Hólabiskupsdæmi. En aðrar túlkánir eru mögulegar. Gissur var sjálfur klerkur og hafði þar að auki mikilla hagsmuna að gæta þar sem var kirkjan í Skálholti.

Það skýtur kannski skökku við að finna hér nafn Gissurar, eins helsta höfðingja Sunnlendinga, sem bjó í Skálholti, meðal vitrana og viðburða frá Þingeyrum. Vitrun Gissurar bendir hins vegar til tengsla hans við Þingeyramunkana og afskipta hans af þessum fyrstu vísbendingum um heilagleika Þorláks. Í sögu Þorláks er það hann sem skorar beinlínis á biskup að gerast helgur eftir andlátið, eins og áður var nefnt. Sumt annað bendir til sérlegs samstarfs Gissurar og munkanna á Þingeyrum. Í lok latínusögu sinnar um Ólaf konung Tryggvason, sem getur vel verið eldri en **Revelaciones Thorlaci episcopi*, vegna þess að ein vitrananna, „Sýn Brestis“, virðist undir áhrifum frá þeirri sögu, hefur Gunnlaugur sagt frá því að hann hafi sýnt Gissuri Hallssyni verkið og Gissur haft það hjá sér í tvö ár en því næst sent ritið aftur til Gunnlaugs sem „emenderaði“ það sjálfur eftir for-

48 Ásdís Egilsdóttir 2002, 193.

49 Sama rit, 84–85, 193.

skrift Gissurar.⁵⁰ Hér er lýst nánú samstarfi höfðingja og rithöfundar sem er skjólstæðingur hans.

Mikilvægasti atburðurinn í þeim flokki vitrana sem réðu úrslitum um yfirlýsingu Páls biskups á alþingi um heilagleika Þorláks er vitrun Þorvalds prests. Á jólum 1197, fjórum árum eftir að Þorlákur biskup dó en nokkrum vikum eftir að Jón Loftsson helsti andstæðingur hans var borinn til grafar, og skömmu eftir að Ormur Eyjólfsson og Guðmundur prestur höfðu átt samtal sitt um heilagleika Þorláks, vitraðist hinn framliðni biskup presti einum í Hólabiskupsdæmi, Þorvaldi að nafni. Fór Þorlákur að sögn sjálfur fram á að áheit á hann yrðu leyfð, bein hans tekin upp og messudagur í lög leiddur:

Prest einn norðanlands er Þorvaldr hét dreymði fjórum vetrum eptir andlát Þorláks byskups at hann kom at honum ok sagði honum nær veðrátta myndi batna, því at þá var vetr þungur. „Gef ek þat ráð til,“, sagði hann, „at menn leiti graptar míns at sumri ok sé líkami minn ór jörðu tekinn, ok ef nokkur þykkja heilagleiks merki at verða þá geri menn um áheit og dags⟨hald⟩ við mik sem líkar.“ Hvarf hann síðan. Prestrinn sagði Brandi byskupi drauminn ok bauð at sverja.⁵¹

Ráðin sem draummaðurinn Þorlákur gefur Þorvaldi þessum geyma þá áætlun sem fylgt var í smáatriðum sumarið eftir, 1198, þegar áheit voru leyfð á Þorlák og bein hans tekin upp (þótt Þorláksmessa væri fyrst í lög leidd sumarið eftir), enda segir í *Páls sögu biskups*: „var þat allra manna ráð inna vitrustu með orðsendingu Brands byskups, at heilagr dómr Þorláks byskups væri upp tekinn ór jörðu it sama sumar, eptir því sem hann hafði sjálfr fyrir sagt í berri vitran Þorvalds prests á jólum inum næstum áðr.“⁵²

Í leifum B-gerðar og í C-gerð sögunnar er frásögnin af vitrun Þorvalds nokkru lengri og sýnilega upprunalegri, og þar er framhald hennar varðveitt: „Ormr prestr er var kapalín ins sæla Þorláks byskups var þá á vist með Brandi byskupi ok heyrði þessa frásögn ok kom ekki á óvart þessi

50 Ólafur Halldórsson 1958–2000 3, 66: „segiz Gvnlavgr synt hafa sögu Olafs konvngs Gizori Hallz s(yni) ok hafði sagdr Gizor hia ser þa bok vm fj ár. En sidan hon kom apr til brodr Gvnlavgs emenderade hann hana sialfr þar sem Gizori þotti þess vid þvrfa.“

51 Ásdís Egilsdóttir 2002, 85.

52 Sama rit, 308.

atburður, af því at honum var hann kunnast, ok beið hann því, svá sem laðaðs manns, hans jarteina.“⁵³ Í ljósi þess sem þeir Guðmundur höfðu rætt áður virðist athugasemdin um að Ormi hafi ekki „komið á óvart“ þessi atburður nánast jafngilda viðurkenningu á íhlutun kapelluprestsins í vitrun Þorvalds prests, sem kemur auðvitað eins og pöntuð fyrir klerka.

Í *Guðmundar sögu* A segir enn nákvæmar frá því sem vitraðist Þorvaldi presti „ok morgum qðrum“, og hvernig og af hverjum vitrunin var skráð, í kafla sem vísar einmitt til bréfa Brands biskups sem hann sendi Páli biskupi til alþingis sumarið 1198:

Þena uetr varð uitron um helge Þorlacs byskups. at þat uitraðiz Þorualldre preste lunda. ok morgum qðrum firi norðan land. Su uitron var søgð Orme preste Eyjolfs s(yne). er var kapalin Thorl(aks) byskups. Hann var þa at Holum með Brande byskupi. EN hann sende þegar. rit um vitronina G(uðmunde) preste Ara s(yne). þui at þeim hafðe orðit aðr rétt um helgina T(horlaks) byskups. ok s(agðe) G(uðmundr) prestr Orme preste. at T(horlacr) byskup uar hinn helgazste maðr. ok var af þui þau missere. mioc heitit a hinn sêla T(horlak) byskup firi norðan land af morgum mœnnum.⁵⁴

Hér segir ótvírætt að Þorvaldr prestur lundi hafi sagt Ormi kapellán þessa vitrun en Ormur ritað sjálfur eða látið annan skrá hana og sent ritið Guðmundi presti Arasyni, sem virðist hafa safnaði saman efninu um Þorlák og haft yfirumsjón með undirbúningi. Þá er komin skýring á því hvern þátt Ormur prestur átti í vitrun Þorvalds: hann skrifaði hana sjálfur, og þar með hin örlagaríku fyrirmæli draummannsins um hvað klerkar skyldu aðhafast.

Vitrun Þorvalds prests er lykiltexi í því ferli sem leiddi til helgunar Þorláks því í henni koma fram bein fyrirmæli, talin vera frá hinum andaða biskupi sjálfum, um hvað klerkar skuli taka sér fyrir hendur. Þessum fyrirmælum að handan, skráðum af Ormi kapellán, fylgja klerkar út í ystu æsar á komandi misserum. Verður að teljast sennilegt að vitrun Þorvalds hafi verið meðal þeirra sem Guðmundur sendi til Gunnlaugs á Þingeyrum vorið 1198 að hann skyldi „dikta“, þ.e. endurskrifa á formlegri kirkjulátinu til þess

53 Sama rit, 194.

54 Stefán Karlsson 1983, 91–92.

að rétt yrði staðið að helgun Þorláks samkvæmt hefðum Rómakirkju. Ekki þarf að efast um að Guðmundur hafi talið það hjálpa þessari tilraun klerka til að sýna fram á helgi íslensks manns í fyrsta sinn að vitnisburðurinn væri skráður á bókmáli. Gunnlaugur hefur svo sjálfur sýnt frumkvæði í því að auka við ritið öðrum vitrunum, eins og Vatnsdalsbóndans og Björns einsetumanns á Þingeyrum. Samkvæmt *Guðmundar sögu* A fór Guðmundur vestur um heiði eftir páska 1198 „at hitta uini s(ina) ok frændur“ og fór til vistar heim til Kolbeins Arnórssonar á Stað í Skagafirði.⁵⁵ Þótt veður væru vond, eins og fram kemur bæði í *Guðmundar sögu* og vitrun Þorvalds prests, voru vegalengdir ekki meiri en svo að það hefur mátt senda skrif fram og aftur milli Þingeyra, Staðar og Brands biskups og Orms kapelláns á Hólum.

Ef ritið **Revelaciones Thorlaci episcopi* eftir Gunnlaug Leifsson hefur verið í bréfum Brands biskups til Páls biskups á alþingi 1198 gegndi það lykilhlutverki í því að „upp kæmi“ helgi Þorláks biskups. Svo mikið er víst að aldrei á því tímabili sem um ræðir sem mögulegan ritunartíma þessa verks, 1197–1201, hefur riðið meira á að fá Gunnlaug til að dikta texta á kórréttri latínu fyrir klerka á alþingi.

Þessu næst fylgir önnur sýn í *Þorláks sögu*, en gerðum sögunnar ber ekki saman um hvenær skuli tímasetja hana. Í A-sögunni er mjög styttr frásögn:

Um vetrinn, skírdagsnótt eptir andlát Þorláks byskups, sá einn bóndi er Sveinn hét svá mikit ljós í Skálaholti yfir leiði Þorláks byskups at varla mátti hann sjá kirkjuna fyrir.⁵⁶

Þetta á að hafa gerst á skírdagsnótt 6. apríl 1194. Lengri frásögnin í B-gerð sögunnar virðist hins vegar áreiðanlegri, en hún tímasetur atburðinn í framhaldi af vitrun Þorvalds prests næst á undan:

It sama vár eptir vitranina Þorvalds prests á jólum bar sýn merkiliga fyrir bónda einn réttorðan er Sveinn hét. Hann gekk út skírdagsnótt ok sá í Skálaholt ljós svá mikit fyrir kirkjunni at hann mátti trautt sjá kirkjuna fyrir ljósinu, þar sem var leiði ins sæla Þorláks byskups. Svá hafa vitrir menn virt at fyrir því myndi sú sýn verit hafa at sú

⁵⁵ Sama rit, 100.

⁵⁶ Ásdís Egilsdóttir 2002, 85.

er nú mest nýjung at staðnum í Skálaholti er gorzk hefir af bjartleik jarteina ins sæla Þorláks byskups. Þá er vitran Þorvalds prests var sögð um Norðlendingafjórðung ok svá hvar sem sögð var urðu menn henni fegnir, ok hétu þá þegar margir menn á inn sæla Þorlák byskup í sínum nauðsynjum ok þótti vel við verða, en ekki var þat þá enn í leyfi tekit af byskupum.⁵⁷

Hér kemur draumsýnin í framhaldi af og í samhengi við vitrun Þorvalds prests, en svo virðist sem skrifari A-gerðar hafi misskilið tímasetninguna þegar hann stytta textann og miðað við dauða Þorláks en ekki sýn Þorvalds.⁵⁸ Athyglisvert er að hér er vísað til þess sem „vitrum mönnum virtist“ um sýn Sveins bónda og í framhaldi af því sagt frá því hve fegnir menn urðu er „vitran Þorvalds prests var sögð um Norðlendingafjórðung“. Hvort tveggja virðist eiga vel við í riti Gunnlaugs. Athyglisvert er einnig að hér er sagt að menn hafi heitið á Þorlák á Norðurlandi fyrir alþingi 1198, þegar áheit voru leyfð, þótt engar áheitasögur frá þeim tíma sé nú að finna í latínubrotunum eða í *Þorláks sögu* heldur aðeins vitranir og drauma. Undantekningin er sagan af hesti Orms prests á leið til alþingis, eins og áður sagði.

„Bréf um jarteinir og vitranir Þorláks biskups“

Eftir þingið 1198 boðaði Páll biskup Hólabiskup og Guðmund Arason í Skálholt að þeir tækju þátt í upptöku beina Þorláks. Hinn 20. júlí voru bein hans færð úr gröfinni og inn í Skálholtskirkju að viðstöddu miklu fjölmenni. Beinaupptökunni er ítarlega lýst í sögu Þorláks. Í *Guðmundar sögu* A er lögð áhersla á mikilvægi Guðmundar í því ferli sem leiddi til þess að Þorlákur varð helgur:

EN eptir þingit. þa sendir Pall byskup menn sunnan eptir Brande byskupi. ok G(uðmunde) preste Ara s(yne). at þeir skylldu koma suðr iSkala hollt þegar sem skiotaz. þui at Brandr byskup hafðe sent bref um iarteinir ok uitronir Th(orklaks) byskups. ok taka

57 Sama rit, 195.

58 Ýmsar villur í A-gerðinni sýna að hún stendur allfjarri fyrstu norrænu þýðingu latínusögunnar, sbr. Fahn og Gottskálk Jensson 2010, 21–28.

hann iheilagra manna töló. ok fara þeir suðr eptir þingit. ok koma iSkala hollt at Margretar Messo hinne siðare. EN i þesse þionosto giørð. er þa var giør guðe til dyrðar. ok hinum sêla Thorlachi byskupi. þa sette Pall byskup G(uðmund) prest Ara s(on) nêst þeim byskupunum at allre syslu ok leto þeir han þera kistonne med ser. er byskup var i kirkiv borin. ok G(uðmundr) prestr reð mesto huat sungit var. þa er heil(agr) domren var upp tekinn. Þar uurðo margar merkilegar iartegnir af heilagleic Thorl(aks) byskups med guðe.⁵⁹

Mikilvægi Guðmundar við þessa athöfn tengist því væntanlega að viðstaddir klerkar vissu að hann var ekki aðeins kunnáttusamur um dýrlinga og helga dóma heldur jafnframt einn helsti höfundur þessa máls. Aftur snúinn að Hólum lét Brandur biskup næsta vetur, 14.–16. desember 1198, einnig að áeggjan Guðmundar Arasonar, taka upp bein Jóns Ögmundssonar, fyrsta biskups á Hólum sem lést 23. apríl 1121. Var haus Jóns biskups þvegin og beinavatnið geymt en beinin sett niður aftur með heilögu bænahaldi undir tréhvolfi inni í Hólakirkju. Þetta var þó ekki hin formlega upptaka beina Jóns sem fyrst fór fram hálfu öðru ári síðar.

Á þinginu árið eftir, 1199, lét Páll biskup „ráða upp at bœn manna jarteinir ens sæla Þorláks byskups“ sem þá höfðu verið ritaðar á latínu og leitt var í lög að messa skyldi á dánardegi dýrlingsins 23. desember.⁶⁰ Upplesturinn hefur væntanlega verið liður í einhvers konar Þorláksmessu á alþingi. Sýnir þetta að *Vita S. Thorlaci* hefur verið diktað einhvern tíma frá beinaupptökunni í júlí 1198 og fram til þingsins í júní 1199 þegar lífs-sagan með jarteinum var lesin fyrir þingheim.⁶¹ Kannski hefur efnið verið

59 Stefán Karlsson 1983, 100–101.

60 Ásdís Egilsdóttir 2002, 135.

61 Orðið „jarteinir“ útilokar ekki að lífssagan, eða valdir kaflar úr henni, hafi einnig verið lesin á þinginu, eins og venja var við messu dýrlinga. Í elstu jarteinum Þorláks á norrænu segir að Páll hafi látið lesa upp á alþingi jarteinir „þær er hér eru skrifaðar á þessi bók“ (Ludvig Larsson 1885, 28; Ásdís Egilsdóttir 2002, 135). Handritið AM 645 4to, sem geymir þessar jarteinir, er talið skrifað um 1220, og því hafa fræðimenn ályktað að það hafi verið frumrit AM 645 4to sem Páll lét lesa á alþingi 1199. Frumritið, eða frumrit frumritsins, hefur hins vegar verið á latínu því AM 645 4to er safnrit helgisagna eingöngu með norrænum þýðingum úr latínu. Margt í elstu jarteinunum hefur auk þess á sér augljósan þýðingarbrag, einkum meðferð eiginnafrna (Gottskálk Jensson 2009, 104–105). Þorláksefnið hefur ekki verið þýtt á norrænu fyrr en eftir 1206 (Gottskálk Jensson 2009, 102–105). *Þorláks saga* stendur fremst í AM 645 4to og vantar framan á handritið og söguna svo lífssagan sjálf er glötuð en jarteinirnar einar varðveittar. Ljóst er að lífssagan hefur staðið á undan jartein-

þýtt og skýrt fyrir ólærðum jafnóðum á þjóðtungunni, svo sem alsíða var við messur. Eins og Jakob Benediktsson benti á í grein í afmælisriti Jóns Helgasonar frá 1969 þurfti lífssögu á latínu fyrir messu heilagra manna en upp úr henni voru einnig samin les (*lectiones*) og ortur tíðasöngur (*officia*).⁶²

Vita S. Thorlaci Scalholtensis episcopi et confessoris er höfundarlaust verk. Að minnsta kosti eitt eintak af þessum íslenska latínutexta var til svo seint sem 1397 í kirkjunni á Melum í Melasveit, samkvæmt máldaga hennar (*DI* 4, 193). Á sama tíma kann að hafa verið til annað, ásamt lesum, í kirkjunni í Hólmi á Rosmhvalanesi (*DI* 4, 105). Árni Magnússon fann í upphafi 18. aldar tvö brot úr verkinu, AM 386 I og II, hið fyrra frá því um 1200 en hið síðara eitthvað yngri texti, stytur og endurskrifaður upp úr lífssögunni. Ekki er vitað hvaðan fyrra brotið kemur, en hið síðara er „aptan af *legendario* frá Vallanese í Fljotzdals herade“, eins og segir á seðli með hendi Árna. Í máldögum er vísað til *Vita S. Thorlaci* með heitum eins og „Þolláks saga á latínu“ (*DI* 4, 193) og stundum er efni bóka ekki tilgreint. Því verður alls ekki útilokað að fleiri eintök af latínusögunni hafi verið til fram eftir öldum. Þær *Þorlákstíðir* sem við þekkjum í AM 241 A fol. eru frá 14. öld, nema eitthvað úr þeim eigi uppruna í elstu tíðunum frá 1199.⁶³

Vorið eftir fyrstu Þorláksmessuna voru bein Jóns Hólabiskups formlega upp tekin fyrir norðan og færð inn í dómkirkjuna með sama hætti og bein Þorláks. Gegndi Guðmundur Arason lykilhlutverki í helgun Jóns og talaði fyrir málinu á Lögbergi þegar messudagur Jóns biskups var sömuleiðis í lög leiddur á alþingi árið 1200. Guðmundur Arason fól Gunnlaugi Leifssyni að dikta eða komponera *Vita sancti Johannis Holensis episcopi et confessoris*,

unum, en þær ekki staðið einar sér, ekki aðeins af því þannig eru aðrar gerðir *Þorláks sögu* saman settar heldur segir beinlínis á einum stað að frásögnin af beinaupptökunni hafi farið á undan („þann vetr eptir er heilagr dómr ens sæla byskups hafði verit upp tekinn ór jörðu áðr [of] sumarit ok nú hefir áðr verit mjök mart frá sagt“, Ludvig Larsson 1885, 22; Ásdís Egilsdóttir 2002, 128). Þessi orð standa í jartein af húsfreyju sem týnt hafði gullsyglju. Sú jartein kemur einnig fyrir í A- og B-gerð sögunnar en svo mikið stýtt að tilvísunina í beinaupptökuna vantar (Ásdís Egilsdóttir 2002, 19, 211). Sjá Fahn og Gottskálk Jensson 2010, 22–23.

62 „[A]ð semja ævisögu (*vita*) dýrlingsins á latínu [...] var beint skilyrði þess að hann yrði tekinn í heilagra manna tölu. Úr þeim texta hafa síðan verið gerðir latneskir textar til litúrgískra nota á messudögum Þorláks, sem og var skilyrðislaus nauðsyn jafnskjótt og messuhald dýrlingsins var upp tekið.“ Jakob Benediktsson 1969, 106.

63 Róbert Abraham Ottósson gaf tíðirnar út árið 1959 og telur líklegt að þær séu eftir Arngrím Brandsson.

og hefur sá texti ásamt tíðasöng hugsanlega verið til og notaður þegar 3. mars árið 1200 þegar messa Jóns biskups helga var sungin í fyrsta sinn við hátíðlega athöfn. Jarteinir þeirrar norrænu *Jóns sögu helga* sem nú er varðveitt verða allar á árunum 1198–1201. Hólamenn hafa þannig veturinn 1197–1198 hafið vinnu við helgun beggja biskupa, með vitorði og hjálp tveggja Skálholtsklerka, Gissurar Hallssonar og Orms kapelláns, og því starfi hefur að mestu leyti verið lokið vorið 1201.

Vitranir frá riti Gunnlaugs í „Jarteinabók II“

En lítum nú á það efni sem í svokallaðri „Jarteinabók II“ er rakið beint til vitrana þeirra „er Guðmundr prestur er síðan var byskup sendi Gunnlaugi múnk at hann skyldi dikta“. Fyrst er frásögn af Valgerði, frumvaxta konu sem „vanstillt var í skapi ok óhlýðin í æsku, orðstór ok óráðin“; þá saga af eigendum hests og uxa; Þórði presti; konu með fótarkerf sem Þorlákur læknaði; og að lokum Eyjólf nokkrum er bjó skammt frá Hólum. Mikilvægt er að sýna fram á að vitranir þær sem hér eru endursagðar samræmist því sem við höfum að ofan séð að átti við efni þess rits sem Brandur sendi með Ormi kapellán til Páls biskups á alþingi 1198.

Sagnaritarinn – líklega Bergur Sokkason, eins og áður sagði – segist munu „skyndilega yfir fara“ þessar vitranir, sem hlýtur að þýða að efnið sé stytta á þann hátt að vitrunum sé sleppt því allnákvæmar lýsingar á atvikum og orðaskipti persóna benda til að það efni sé heillegt sem tekið er upp og þýtt.

Valgerður verður Þorláks vör á messudegi hans:

Ok um messudaginn sjálfan kenndi hon sýnt óhægenda, ok höfgaði hana. Þá þóttisk hon sjá Þorlák byskup í svartri kápu [kanokabúningi hans], hafa handlín á hendi ok signdi hana ok mælti: „Nú muntu heil verða. Efn þú vel heit þín, ok seg þessa vitran Jóni presti.“ Ok þá vaknaði hún.

Jóladag var hon í kirkju, ok höfgaði henni. Hon þóttisk þá sjá inn helga Þorlák byskup, skryddan ok kórónaðan, ok blezaði lýðinn ok mælti: „Heim skal ek nú skunda í Skálholt,“ sagði hann, „til hámessu, ok styrkja þar Guðs embætti, en ek mun verða þér ásjármaðr, ef þú varðveitir vel þitt ráð.“

Inn þriðja dag í jólum at kveldi var hon at krossi, ok höfgaði henni. Þá þóttisk hon sjá inn sæla Þorlák byskup ok spurði hvílikt þess manns ráð væri er Þórðr hét er andazk hafði í Fljótum [í Skagafirði].

„Sætt er ráð hans,“ kvað hann.

Hon mælti: „Hvat má mest fyrir Guði?“

Hann svarar: „Bæn ok ölmusugjafir.“

Hon mælti: „Hversu lengi mun ek lifa?“

Hann svarar: „Mjök lengi. Í inni þriðju sótt muntu andask.“⁶⁴

Þannig endar vitrunin í þetta sinn. Síðasta svar draummannsins er auðvitað hæfilega órátt fyrir slíkan spádóm. Níunda dag jóla birtist Þorlákur svo Valgerði aftur, áminnir hana og Sigvalda „veiðimann“ hennar að fara til messu og biður hana fyrir skilaboð til Þorvarðar nokkurs sem beðið hafði Þorlák fulltingis. Svo er að skilja af vitrun þessari að sjálfur vilji Þorlákur að slíkir atburðir séu sagðir lærðum mönnum, hér prestinum Jóni, til þess að þeir séu skráðir. Minnir það á vitranir þær sem raktar voru í tengslum við „bréf“ Brands biskups og gæti bent til þess að vitrunin eigi að hafa átt sér stað jólin 1197. Erfitt er að bera kennsl á fólkið sem nafngreint er vegna þess að hvorki föðurnöfn né örnefni eru tilgreind, en það er raunar regla í *miracula*-frásögnum á latínu. Þó er ljóst að atburðurinn varð ekki í Skálholti því þangað stefnir Þorlákur í vitruninni og dýrlingurinn birtist því Valgerði í einhverri annarri kirkju.

Frásögnin af vitrun Valgerðar gefur ekki með vissu til kynna hvaða ár atburðurinn á að hafa gerst. Umtalið um „Þorláksdag“ og „messudag“ Þorláks bendir til tíma eftir 1199, en þá var Þorláksmessa í lög leidd. Aftur á móti er Valgerður ekki í kirkju á „Þorláksdegi“, og draummaðurinn Þorlákur áminnir hana ekki um að fara til messu, eins og hann gerir á níunda dag í jólum, þegar hún liggur og sefur þá er menn voru farnir til messu. Þorlákur sjálfur er ekki einu sinni á leið til messu Þorláksdag, líkt og hann segist ætla að skunda heim í Skálholt til hámessu á jóladag. Það virðist því ekki vera haldin hátíðleg Þorláksmessa í kirkjunni sem Valgerður sækir, sem er væntanlega kirkja Jóns prests. Í upphafi frásagnarinnar, þegar Valgerður missir vitið einhvern tíma nærri jólum, heitir Jón prestur á Þorlák með bænasöng viðstaddra og lofar að ef hún taki vit sitt aftur skuli

hún syngja „fimmtigi sinnum [Pater noster] Þorláksdag, meðan hon lifði ok hon mætti mæla“.⁶⁵ Norðlendingar voru að sögn farnir að heita á Þorlák fyrir sumarið 1198, það er að segja áður en það var leyft af biskupum. Fyrst ekki er messað í kirkjunni á „messudag“ Þorláks, virðist átt við daginn sem síðar varð messudagur Þorláks, og að hér hafi þýðandi ritsins notað til tímasetningar orðin „Þorláksdag“ og „messudag“ Þorláks, þótt formlega hafi Þorláksmessa ekki verið haldin hátíðleg fyrr en síðar, enda hafi hann vanist því að vísa svo til þessa dags ársins. Ég hallast því að tímasetningu vitrunarinnar jóln 1197. Maður saknar hins vegar athugasemdar á borð við „í þann tíma var enn ekki í lög leiddur messudagur Þorláks“. Ef sýnin á að hafa átt sér stað eftir 1199, mætti hugsanlega leysa vandann sem þá skapast með tilgátu um að ekki hafi þurft að nefna messuna í kirkjunni, en Þorlákur hafi verið of lítillátur til þess að áminna Valgerði um að fara til sinnar eigin messu, eða þá að frásögninni hafi síðar verið bætt við rit Gunnlaugs, eftir að það hafi verið notað af Ormi kapellán á alþingi 1198. Dæmi eru um þetta síðasta annars staðar í Þorláksjarsteinum og greinileg tilhneigingin í Þorláksefninu til þess að halda áfram söfnun jarteina.⁶⁶ „Jarteinabók II“ er tekin saman um miðja 14. öld en hún er varðveitt í handriti frá 17. öld (AM 379 4to). Ýmislegt getur hafa aflagast í textanum eða nýju efni verið bætt við. Niðurstaðan verður þá sú að Vitrun Valgerðar stríði ekki gegn tilgátu minni um ritunartíma **Revelaciones Thorlaci episcopi* en veiti henni aðeins takmarkaðan stuðning.

Jarteinasögurnar sem á eftir fylgja af eigendum hests og uxa og Þórði presti virðast ekki geyma neitt sem nota megi til tímasetningar eða staðar-ákvörðunar, nema hvað sýn prestsins á að hafa borið upp á skömmu fyrir messudag Þorláks. Meiri von er til þess að tímasetja söguna af konu með fótarverk því sá atburður virðist hafa orðið „þá nótt er menn veittu heimsókn Guðmundi inum dýra er síðan var múnkr at Þingeyrum“.⁶⁷ Þorlákur birtist konunni, lækna hana og heldur af stað til þess að hjálpa

⁶⁵ Sama rit, 244.

⁶⁶ Í svokallaðri „Jarteinabók I“ (í raun síðasti hluti elstu norrænu þýðingarinnar á *Vita S. Thorlaci*), sem varðveitt er í AM 645 4to (frá því um 1220), er sagt að Páll hafi látið lesa á þinginu jarteinir „þær er hér eru skrifðar á þessi bók“. Sú fullyrðing stenst þó ekki því í framhaldinu er sagt frá atburði sem gerðist „annan vetr frá því er upp var tekinn heilagur dómr ens sæla Þorláks byskups“, þ.e.a.s. veturinn eftir þingið. Sjá nánar Gottskálf Jenson 2009.

⁶⁷ Sama rit, 246.

Guðmundi dýra „sem ek heyri nú bundinn“, eins og hinn framliðni biskup tekur til orða í vitruninni.⁶⁸ Hér er sennilega vísað annaðhvort til aðdraganda eða eftirmála Lönguhlíðarbrennu vorið 1197, en dæmt var í því máli á alþingi um sumarið þótt eftirmálin stæðu til 1200. Stungið hefur verið upp á því að þarna sé um að ræða aðför að Guðmundi dýra aðfaranótt 19. september 1199, sem sagt er frá í *Guðmundar sögu dýra*.⁶⁹ Þar er þess samt ekki getið að Guðmundur hafi verið bundinn eða að tíðindi þess efnis hafi spurst út.⁷⁰ Í *Þorláks sögu* heyrir þetta efni til í frásögninni af bágbornu ástandi landsins eftir fráfall Þorláks. Sagnfræðilega áreiðanlegar upplýsingar um framvindu atburða í deilum þessum eru takmarkaðar og erfitt að tímasetja atburðinn með vissu sem hér er vísað til í hinni yfirnáttúrulegu vitrun. Nafn Þingeyra og sú staðreynd að Þorlákur er á leið til að aðstoða höfðingjann Guðmund dýra, sem hélt sig fyrir norðan, styrkja tengslin við það efni sem farið var yfir í sambandi við „bréf“ Brands biskups. En ef um er að ræða atburð frá því í september 1199 getur frásögn af honum ekki hafa staðið í riti Brands biskups sem hann sendi Páli biskupi til alþingis sumarið á undan.

Tengslin við Norðurland styrkjast frekar í síðustu jarteininni um mann að nafni Eyjólfur „er bjó skammt frá byskupsstóli á Hólum.“

Nokkrar Þorláksvitranir aðrar úr svonefndri „Jarteinabók II“ gætu átt uppruna í þessu sama riti Gunnlaugs munks. Skömmu áður hefur skrásetjari sögunnar boðað norðlenskar jarteinir í framhaldinu: „Þessar jarteinir hafa orðit í öðru byskupsríki á Íslandi“.⁷¹ Jarteinin á undan gerist á Austfjörðum, þ.e. í Skálholtsbiskupsdæmi, svo hér er átt við Hólabiskupsdæmi. Hvorki latínulegt orðalagið né norðlenskt efnið sannar þó að það eigi uppruna í vitranasafni Gunnlaugs því jarteinir þessar hafa einnig upphaflega verið á latínu, a.m.k. ef þær tilheyrðu *Vita S. Thorlaci*. Jarteinirnar sem fylgja þar á eftir eru tengdar Þingeyraklaustri og Flatey á Skjálfanda. Sýn Þorbjargar minnir um margt á sýn Valgerðar. Lýkur henni á því að Þorlákur biður að fyrirburðurinn sé sagður lærðum manni, Þorsteini Tumasyni (um 1155–1224) er „síðan var ábóti“ í Saurbæ í Eyjafirði (líklega frá 1212). Þá er sögð sýn Úlfrúnar einsetukonu á Þingeyrum, sem

68 Sama rit, 246.

69 Sama rit, 246.

70 Jón Jóhannesson et al. 1946 1, 207–208.

71 Ásdís Egilsdóttir 2002, 238.

einnig kemur fyrir í *Guðmundar sögu* A þar sem hún segir Guðmundi, sem þá er orðinn biskupsefni, að María hafi vitrað sér það að Guð og hún sjálf vilji að Guðmundur væri biskup.⁷² Úlfrún sér Þorlák einnig „í kanúkabún-aði“, líkt og Valgerður í vitrun hennar að framan, sem með vissu tilheyrði **Revelaciones Thorlaci episcopi*. Báðar vitranirnar minna raunar nokkuð á „Rannveigar leiðslu“, þótt þar sé Þorlákur ekki í aðalhlutverki eins og hér. Þær vitranir um Þorlák sem er að finna í næstu köflum virðast einnig hafa gerst í Hólabiskupsdæmi. Þar að auki gætu hugsanlega leynst vitranir frá penna Gunnlaugs meðal jarteina Jóns biskups helga, enda kemur Þorlákur við sögu ásamt Jóni helga í sumum þeirra. Athugun á þessu myndi þó teygja efnið um of út fyrir mörk þessarar greinar.

Sýn Brestis – „svá hefur bróðir Gunnlaugr ok sagt í latínu“

Einhver áhugaverðasti kaflinn úr þessu meinta og mögulega efni úr **Revelaciones Thorlaci episcopi* eftir Gunnlaug Leifsson er „Sýn Brestis“, sem varðveitt er í *Ólafs sögu Tryggvasonar hinnu mestu*. Sýnin kemur fyrir í D-gerð sögunnar sem, eins og að framan sagði, er upprunalega frá miðri 14. öld en varðveitt í AM 62 fol. (ofanverð 14. öld) og í kafla í *Flateyjarbók* (GKS 1005 fol.) sem skrásettur hefur verið um 1390. Vitrun Brestis, sem með vissu er þýdd úr latínuriti eftir Gunnlaug Leifsson („svá hefur bróðir Gunnlaugr ok sagt í latínu“), er skotið inn í hina miklu samsteypusögu um Ólaf konung Tryggvason, sem einnig geymir mikið efni úr latínusögu Gunnlaugs um konunginn. Sumir fræðimenn hafa því skiljanlega dregið þá ályktun að „Sýn Brestis“ sé líka tekin úr latínusögunni.⁷³ En þegar texti *Flateyjarbókar* er skoðaður nánar kemur hins vegar í ljós að um er að ræða latínurit sem hefur haft að geyma fleiri sýnir sem tengdust andláti Þorláks biskups. Þeim sem gerði D-söguna hefur þótt viðeigandi að skjóta „Sýn Brestis“ inn í sögu konungsins aðeins vegna þess að persóna Ólafs Tryggvasonar kemur þar fyrir.

En skoðum þessa frásögn:

Sva hefir brodir Gvnlavgr ok sagt j latínv at a því ari er Þorlacr byskvp [Rvnolfs s(on)] for fram af þessi verolld. bar merkilíga syn

⁷² Jón Jóhannesson et al. 1946 1, 155.

⁷³ Sbr. Ólafur Halldórsson 1958–2000 3, cccxv (vísar í Björn M. Ólsen 1893, 290–293); Sveinbjörn Rafnsson 2005, 263.

fyrir þann mann er Brestir h(et). a þann hatt at hann þottiz vera j kirkio staddr á þen sinní. þa fell a hann svefn. þa syndiz honvm sem tvngl færi a hímnínvm af avstr ętt ok þangat yfir sem hann var ok syndiz honvm sem vęri j því eitt skíp ok þar a sitiandi ij menn med biatri ok blidligri asiánv ok þessa þottiz hann spyría hverir þeir vęri. Annar þeirra s(varar). her er Olafr konvnr T(ryggva) s(on) ok Sigvrdr byskvp. hvert skvlo þit fara. þeir s(vęrvðv). vit skvlvm fara j Skala hollt at finna Thorlak byskvp er nv er saladr ok hann med ockr flytía. ok eptir þat foro þeir fram sinn veg. En Brestir vaknadi. Ok a somu nott dreymdi Bresti annan dravm. hann þottiz vera vti staddr ok þottiz sia þat sama skíp fara aptr a veg. honum syndiz þa íj menn j skípínv íj ína somu ok fy(r). ok þar þottiz hann kenna Þorlak byskvp j milli þeirra. Þa m(ęllti) Brestir. ertv Þorlacr byskvp. hann s(varar). ek em. s(ęgir) hann. Brestir s(ęgir) þa med mikilli a hyggio hvern sklv ver nv hafa byskvp eptir þig hann s(varar). Magnvs [Einars s(on)] skvlo þer hafa byskvp ok andaligan fędr. ok eptir þat hvarf þessi syn fra Bresti.⁷⁴

Vitrúnin er gott dæmi um þá myndauðgi sem stundum má finna í kristnum bókmenntum um handanheiminn.⁷⁵ Orminn langa, skip Ólafs Tryggvasonar, ber fyrir tunglið (var „í því“) eða öllu heldur skipið flyst einhvern veginn með tunglinu sem ber hratt yfir himininn úr austurátt og til Brestis. Síðan heldur það áfram í Skálholt, svo Brestir virðist staddur í sunnlenskri kirkju austan Skálholts. En hér er um yfirnáttúrulegan atburð að ræða og ekki rétt að gera of miklar kröfur til raunsæis. Í hinu fræga langskipi sást Ólafur Tryggvason síðast á lífi í Svoldarorrustu. Sjálft skipið og afdrif konungs eru leyndardómur sem valda miklum vangaveltum í sögum Þingeyramunkanna um Ólaf Tryggvason. Gunnlaugur nýtir sér þarna ef til vill rit sitt um konunginn þegar hann diktar vitrunina um Þorlák. Af tveimur kostum er sá einfaldari að gera ráð fyrir að Gunnlaugur hafi skreytt þessa „sýn“ en að Brestir hafi lesið latínurit Gunnlaugs og orðið innblásinn af því í draumum sínum.

Í *Flateyjarbók* er þessum orðum bætt við í lokin:

74 Ólafur Halldórsson 1958–2000 3, 65. Höfundur hefur bætt við hornklofum um föðurnöfn biskupanna.

75 Jonas Wellendorf 2009 gerir skil ríkulegum hugmyndaheimi kristinna vitrana á miðöldum.

ok uaknade hann. þessi brestir er synína sa var afui Jons byskups ok bio sidan j þykkva bæ j verí ok enn bar flæíre merkiligar synir firir menn þa er menn frettu fram for þorlaks byskups af þessum heími.⁷⁶

Þetta síðasta sýnir að sá sem skrifaði texta *Flateyjarbókar* þekkti efni úr **Revelaciones Thorlaci episcopi* eftir Gunnlaug Leifsson því umsögnin á engan veginn við um *Ólafs sögu Tryggvasonar*, þar sem ekki hefur verið að finna „fleiri merkiligar sýnir“ sem bar fyrir menn „þá er menn fréttu framför Þorláks byskups af þessum heimi.“

Í norrænu þýðingunni á „Sýn Brestis“ er Þorláki helga Þórhallssyni ruglað saman við nafna sinn Þorlák eldri, sem var Runólfsson, og Magnúsi Einarssyni, eftirmanni Þorláks eldri, bætt við fyrir einfaldan misskilning þýðandans á latínutexta Gunnlaugs.⁷⁷ Afar ólíklegt verður að teljast að Gunnlaugur Leifsson hafi bæði safnað vitrunum um Þorlák yngri og Þorlák eldri, sem engar heimildir eru um að menn hafi viljað gera helgan með sama hætti og Þorlák yngri.⁷⁸ Ef svo væri yrðum við að gera ráð fyrir glötuðu vitranariti eftir Gunnlaug um Þorlák Runólfsson. Ruglingurinn er til kominn vegna þess að Gunnlaugur hefur ekki skrifað föðurnöfn þessara biskupa í latínutexta sínum heldur aðeins eiginöfnin *thorlacus* og *magnus*.

Það sem einkennir latínutexta frá þessum tíma í samanburði við norræna texta er einmitt að þar eru ekki notuð föðurnöfn (*patronymica*) sem kenninöfn.⁷⁹ Jafnvel erkibiskupinn Eysteinn Erlendsson er aðeins Eysteinn eða *Augustinus* í formála sagnarits Theodoricusar *Historia de*

76 Ólafur Halldórsson 1958–2000 3, 65.

77 Magnús Einarsson var biskup í Skálholti 1134–1148. Hann lést í húsbrúna ásamt fjölda annarra.

78 Einhverjar vísbendingar eru þó í *Hungurvöku* um himnaför Þorláks Runólfssonar (d. 1133), sem verið hafði fóstri Gissurar Hallssonar, en frásagnir þeirrar sögu eru, eins og segir í formála, hafðar eftir Gissuri. Sagan segir að sama dag og Þorlákur Runólfsson andaðist og á sömu stundu hafi prestur á faraldsfæti heyrt sungna *cantilena Lamberti episcopi* (Ásdis Egilsdóttir 2002, 27). Einnig kemur fyrir meðal heilagra manna íslenskra í „Rannveigar leiðslu“ Þorlákur eldri, þ.e. Runólfsson, en þar er hann talinn minna heilagur en Jón Ögmundsson, Þorlákur Þórhallsson, Björn Gilsson og Ísleifur Gissurarson.

79 Norræn föðurnöfn voru raunar til vandræða í latínutextum á öllum öldum og lærðum mönnum tókst aldrei að koma saman traustu kerfi til þess að endurskapa þau á latínu. Þetta sést glögglega á hinum mörgu og ólíku útgáfum sama nafns sem fyrir koma í þeim latneskum þýðingum íslenskra miðaldasagna sem prentaðar voru fram á 19. öld.

antiquitate regum Norwagiensium. Það sama gildir um lengsta latínubrotið úr Þorláks sögu (AM 386 4to II); í því heitir Jón Loftsson aðeins *Johannes preclarus princeps huius patrie* en í A-gerð sögunnar stendur á sama stað „Jón Loftsson er þá var mestr höfðingi á Íslandi“.⁸⁰ Það er raunar ófrávikjanleg regla í þeim íslensku latínutextum um Þorlák (sögutextum, jarteinum, lesum og tíðaversum), sem varðveittir eru, að föðurnöfnum er sleppt. Það sama sést jafnframt í elstu norrænu jarteinunum í AM 645 4to (með einni undantekningu), enda þýddar úr latínu. Í jartein um Gissur Hallsson í þessum texta heitir hinn virðulegi höfðingi Haukdæla aðeins „Gizurr, góðr höfðingi ok gøfugr“⁸¹ en í C-gerð sögunnar, í handriti frá 17. öld, hefur föðurnafni hans verið bætt við jarteinina. Nefna mætti fleiri dæmi. Í yngri gerðum sögunnar bæta þýðendurnir oft föðurnöfnum við, ef þeir þá þekkja þau, og það hefur þýðandi „Sýnar Brestis“ reynt að gera.

Hugsanlega hefur áhugaleysi latínuklerka á feðrun manna stafað af því að hugmyndafræði kirkjunnar vildi gera alla menn jafna frammi fyrir Drottni, en sennilegri skýring er þó sú að íslenskir höfundar latínutexta hafi sett sig í stellingar og skrifað eins og fyrir alla klerka heimsbyggðarinnar. Franskur eða ítalskur kardináli sem las íslenskan latínutexta hafði þá ekkert við þær upplýsingar að gera að Gissur væri sonur einhvers Halls í Haukadal eða Jón sonur einhvers Lofts í Odda. Enginn franskur eða ítalskur latínutexti veitti slíkar upplýsingar. Þetta er þeim mun sennilegri skýring sem íslenskum bæjarheitum og örnefnum er yfirleitt einnig sleppt í slíkum textum, nema ef um er að ræða biskupssetur, klaustur eða markverða kirkju.

En þótt Gunnlaugur hafi aðeins skrifað þarna *thorlacus* og *magnus*, hvi hefur þýðandinn þá ekki borið kennsl á Þorlák helga? Mistökin hafa átt sér stað þegar hann reyndi að átta sig á því hver þessi *magnus* væri sem draummaðurinn Þorlákur spáir að verði eftirmaður sinn. Í *Þorlákstíðum* frá miðri 13. öld segir á einum stað *Aquilonis iam latera / magno regi sunt subdita* („Jaðrar Norðursins / heyra nú undir hinn mikla konung“). Á fjórða áratug síðustu aldar misskildi Paul Lehmann þetta vers, hélt að þarna væri vísað til Magnúsar konungs Erlingssonar (1156–1184) þótt hinn „mikli konungur“

80 Ásdís Egilsdóttir 2002, 63.

81 Ásdís Egilsdóttir 2002, 112. Hugsanlega hefur staðið þarna *Giserus, optimus princeps ac nobilis*.

sé örugglega Kristur sjálfur, sem nú hafði lagt undir sig Ísland enda tíðirnar frá miðri 14. öld.⁸²

Rót vandans er uppruni hins norræna Magnúsarnafns. Eins og E.H. Lind benti á í fornafnareglistri sínu er nafnið upprunalega myndað af latneska lýsingarorðinu *magnus*. Fyrsti nafnberinn var Magnús góði Norregskonungur, sonur Ólafs helga Haraldssonar.⁸³ Í *Ólafs sögu helga* segir frá því er Sighvatur skáld valdi drengnum nafn og lét skíra hann í höfuðið á Karlamagnúsi sem heitir á latínu *Carolus magnus*. Fyrsti íslenski nafnberinn var síðan skírður í höfuðið á Magnúsi góða, hann var Þorsteinsson Síðu-Hallssonar, sem aftur var föðurafi Magnúsar Einarssonar Skálholtsbiskups, eftirmanns Þorláks Runólfssonar. Magnúsarnafnið gat því valdið misskilningi þegar það kom fyrir í latínutexta.

Það sem staðið hefur í texta Gunnlaugs hefur verið eitthvað í þessa veru: *magnum habetote vos presbyterum et patrem spirituale*m (mikinn skulu þér hafa biskup og andalegan föður).⁸⁴ Þetta hefur þýðandi „Sýnar Brestis“ skilið sem „Magnús skulu þér hafa biskup...“, og bætt við „Einarsson“ af því að hann þóttist hér þekkja ákveðinn Skálholtsbiskup. Þá hefur hann einnig bætt við „Runólfsson“ fyrir aftan nafn Þorláks af því að hann kunni utan að röð elstu biskupa á staðnum. Höfum í huga að þýðandinn hafði mestan áhuga á persónu Ólafs Tryggvasonar í vitruninni en hirti minna um upphaflegt samhengi frásagnarinnar. Misskilningur hans er kaufalegur en þó er honum nokkur vorkunn. Honum hefur ekki dottið í hug að latneska orðið *magnus* væri hér lýsingarorð. Þvert á móti hefur hann þóst glöggur að átta sig á því hver þessi Magnús biskup væri, því svo vildi til að eftir Þorlák eldri varð biskup í Skálholti maður með því nafni.

Önnur mistök hins norræna þýðanda „Sýnar Brestis“ eru þau að svar hins framliðna Þorláks við spurningunni um eftirmann sinn hafi mátt vera svo ljóst og ótvírætt að beinlínis væri gefið upp eiginnaftir eftirmannsins (föðurnafninu hefur hann bætt við sjálfur). Spásvör í vitrunum eru öll fremur óljós og loðin, svo sem viðeigandi er þegar veitt er innsýn í ókomna

82 Róbert Abraham Ottósson 1959, 79.

83 E. H. Lind 1905–1915, 756.

84 *Presbyteri* (í flt.) kemur tvisvar fyrir í latínubrotum *Þorláks sögu* í tengslum við upptökusöguna. Norræna orðið „prestur“ er dregið af *presbyter*, sem er tökuorð úr grísku og merkti „öldungur“, með öllum þeim merkingaraukum sem fylgja: „ráðsmaður“, „klerkur“, „biskup“, „höfðingi“, „skörungur“.

tíð.⁸⁵ Þannig svarar Þorlákur í sýn Valgerðar spurningu hennar um hve lengi hún eigi eftir ólifað með hæfilega óljósum hætti: „Mjök lengi. Í inni þriðju sótt muntu andask“.⁸⁶ Eins og við sáum að ofan er sýn Valgerðar beinlínis sögð vera úr vitranasafni Gunnlaugs.

Síðast en ekki síst má benda á að í *Þorláks sögu* A og C-gerð (eyða er á þessum stað í B-gerð) eru Þorláki biskupi eignuð mjög svipuð ummæli á dánarbeði. Eitt hið síðasta sem hinn deyjandi biskup segir við Gissur Hallsson og aðra lærða menn sem hjá honum eru (þar á meðal er Ormur kapellán) er þetta: „en næst eptir mik mun koma mikill höfðingi“; eða eins og C-gerðin hefur það: „en sá mun koma eftir mik, er mikill skör-úngr mun.“⁸⁷ Orðalagsmunur í gerðunum bendir til tveggja sjálfstæðra þýðinga úr latínu. Hér getur vel hafa staðið í latínusögunni eitthvað um *magnus presbyterus*. Ekki þurfa ummælin samt, þótt lík séu, að hafa verið með nákvæmlega sama orðalagi í *Vita S. Thorlaci Skalholtensis episcopi et confessoris* og riti Gunnlaugs, **Revelaciones Thorlaci episcopi*, því í fyrra skiptið talar Þorlákur á dánarbeði en í hinu síðara er hann framliðinn og ávarpar Bresti úr langskipi Ólafs Tryggasonar.

Hér skýrist kannski líka hvers vegna Brestir þessi er sagður af Jóni presti Þórðarsyni, skrifara *Flateyjarbókar*, hafa síðar búið í Þykkvabæ í

85 Loðnum og óræðum svörum draummanna fylgir stundum ráðning á eftir. „Draumur Huga prests“ í *Hauksbók* (frá 1306–1308) er góður til samanburðar. Atburðurinn á að hafa gerst á Ögvaldsnesi í Noregi skömmu fyrir orrustuna við Stanfurðubryggju (Stamford Bridge) árið 1066, þar sem Haralður konungur harðráði féll. Þátturinn er talinn ritaður á 13. öld en frumgerð „Draums Huga prests“ gæti verið frá 12. öld (Gillian Fellows Jensen 1962, cxxxviii, clii). Huga dreymir „albera“ konu í kirkjugarðinum sem biður hann um sérstaka meðferð á beinum sínum. Í staðinn spyr prestur um óorðna atburði: „segþv mer þa segir prestr hversv man konvngi varvm faraz or landi. hon svarar fellr hann. prestr spvrði hverr man þa raða ríki. Friðleifr s(egir) hon. hve lengi ræðr hann s(egir) prestr. .vij. vetr ok xx. s(egir) hon. hvat tekr þa við s(egir) hann. Styrlavgr man þa koma s(egir) hon. hversv lengi man hann ríkia segir prestr. tiv vetr segir hon. hvat tekr þa við s(egir) hann. Goðraðr ok Goðvili ok Harðraðr s(egir) hon. hverr verðr þeira langæztr. Harðraðr s(egir) hon. <hve> lengi ræðr hann segir prestr. .v. vetr ok .xx. segir hon en eftir hann verða morg illvirki ok mvn ek nv eigi segia frammar. prestr vaknar... en þar var Olafr kyri er <hon> kallaði Friðleif en Magnus berfœttr þar er hon nefndi Styrlavg Eystein þar er hon nefndi Goðrað en Olafr þar er hon nefndi Goðvilia en Iorsala Sigvrðr þar er Harðraðr var en gvð fyrirbavð at hon segþi þav illvirki er siþar vrðv gor“ (Jensen 1962, 44). Ég þakka Jonasi Wellendorf fyrir að benda mér á þetta dæmi úr *Hauksbók*.

86 Ásdís Egilsdóttir 2002, 244.

87 Sama rit, 81; Guðbrandur Vigfússon et al. 1856–1878 1, 111, 297.

Veri.⁸⁸ Þar stofnaði auðmaðurinn Þorkell Geirason munkaklaustur árið 1168 og gaf því eigur sínar. Klaustrið var af reglu Ágústínusar og fyrsti prior og ábóti þess var Þorlákur Þórhallsson. Brestir hefur þá verið ungur maður þegar Þorlákur lést árið 1193 og kannski þegar tengdur klerkum í Þykkvabæ. Hann hefur síðar gengið í klaustrið og er þannig dæmigerður fyrir svo marga heimildarmenn um elstu vitranir og jarteinir tengdar Þorláki að þeir eru oftast tengdir kirkjulegum embættum. Ef Brestir hefur þegar búið í sömu sveit, passar það við lýsinguna á ferð tunglsins og skipsins í vitrun hans.

Jón Þórðarson bætir því við að Brestir hafi verið afi „Jóns biskups“. Erfiðlega hefur gengið að ákvarða hvaða biskup þetta sé, vegna þess að fræðimenn hafa tímasett „Sýn Brestis“ til dánarárs Þorláks Runólfssonar 1133, og þá er ekki um neinn íslenskan biskup að ræða sem heitir þessu nafni og getur verið barnabarn Brestis.⁸⁹ Ef við reiknum með dánarári Þorláks yngri, 1193, er hins vegar úr fjórum Jónum að velja: Halldórssyni (1322–1339), Indriðasyni (1339–1341), Sigurðssyni (1343–1348) og Eiríkssyni (1358–1390). Sá síðasti var Hólabiskup, hinir í Skálholti. Eiríksson er of ungur, fæddur 1310–1320, til að Brestir geti verið afi hans. Sigurðsson sat ekki nema fjögur ár í embætti á Íslandi, varð óvinsæll og ástæðulaust að minnast hans. Indriðason hafði verið prestur í Selju í Noregi og dó í embætti hálfu öðru ári eftir að hann kom til Íslands. Þekktastur þessara biskupa og mikilvægastur var tvímælalaust Jón Halldórsson, einhver lærðasti klerkur síns tíma á Íslandi og í Noregi, sem setti varanlegt mark á íslenskar bókmenntir og lærdóm næstu öldina á eftir. Hann er að vísu oftast talinn Norðmaður, vegna þess að hann ólst upp í klaustri í Bergen. Þó átti hann íslenska móður, nafn hennar er a.m.k. íslenskt, Freygerður, og er við hana kenndur í Flateyjarannál, er hann kemur til landsins 1323, ef til vill vegna þess að hann hefur misst föður sinn ungur, eða ekki mátt alast upp með honum fyrir síða sakir. Einn fræðimaður getur sér til að þess vegna hafi hann verið fóstraður í klaustrinu í Bergen.⁹⁰ Brestir virðist hafa verið ungur þegar Þorlákur lést og gæti verið fæddur um 1175. Ef Halldór faðir Jóns var sonur Brestis, og ef til vill sjálfur munkur, á Íslandi eða í Noregi, sem eignaðist hann og bróður hans Finn (sem einnig var prestur í Bergen)

88 Ólafur Halldórsson 1958–2000 3, cxxiv–cxxv.

89 Sveinbjörn Rafnsson 2005, 248–249.

90 Shaun F. D. Hughes 2008, 137–138.

í skömm, þá gæti dæmið gengið upp. Á þessum tíma eru klerkar mikið í förum milli Íslands og Noregs. Jón biskup hefur verið fæddur um 1275. Vegna þess að hann var mjög frægur á Íslandi og næstur Bresti í tíma af þeim Jónum sem setið höfðu á biskupsstóli, nægði skrifara *Flateyjarbókar* að nefna hann „Jón biskup“.

Í „Sýn Brestis“ er atburðurinn færður til 1193, andlátsárs Þorláks biskups, eins og elstu vitranirnar í „bréfi“ Brands biskups sem sagt var frá að ofan: vitrun bóndans í Vatnsdal, vitrun Björns einsetumanns á Þingeyrum og draumur Gissurar Hallssonar. Þar með er sýnt að vitrun í vitranariti Gunnlaugs Leifssonar sé nógu gömul til þess að hafa staðið í bréfi Brands biskups sem Ormur *capellanus* bar Páli biskupi á alþingi 1198, en einmitt þetta var torvelt að sýna fram á, svo að óyggjandi væri, einungis með því að nota efni úr svokallaðri „Jarteinabók II“ rakið til latínurits Gunnlaugs. Ýmislegt í „Sýn Brestis“, svo sem hinir yfirnáttúrlegu framhaldsdraumar, minnir jafnframt á drauma Valgerðar sem eins og áður sagði eru raktir beint til þeirra vitrana sem Guðmundur sendi Gunnlaugi „að hann skyldi dikta“.

Án þess að hér verði fjallað frekar um efnið í þessu glataða latínuriti Gunnlaugs má þó segja að markmið þessarar rannsóknar hafi náðst: að endurheimta efni úr **Revelaciones Thorlaci episcopi* í varðveittum ritum á norrænu, ákvarða nánar ritunartíma þessa glataða texta og skýra tilefnið að rituninni. Þótt erfiðlega hafi gengið að sýna fram á að vitranir og jarteinir í „Jarteinabók II“, sem sagðar voru eiga uppruna í latínuriti Gunnlaugs, væru örugglega eldri en frá alþingi 1198, má skýra það svo að síðar hafi verið bætt við ritið nýjum jarteinum. Þessar nýju jarteinir hafa þá vakið áhuga Bergs Sokkasonar af því hann fann þær hvergi annars staðar, en höfuðvitrunum ritsins hefur hann sleppt úr „skyndilgri“ yfirferð sinni af því þær höfðu þegar verið raktar í *Þorláks sögu*. Eftir stendur að Gunnlaugur og Þingeyramunkar eru orðaðir við vitranasafn á latínu um Þorlák helga sem að öllum líkindum hefur verið í bréfum Brands Hólabiskups sem hann sendi með Ormi kapelláni til alþingis 1198.

Í lokin er svo rétt að segja nokkur orð um notkun þessa latínurits eftir að það var sýnt Páli biskupi á alþingi árið 1198 og það haft til þess að réttlæta leyfi til áheita á Þorlák; þá ákvörðun að taka upp úr gröfinni bein hans og flytja þau inn í Skálholtskirkju og búa um þau þar sem heilaga dóma.

Hver skrifaði *Vita S. Thorlaci*?

Sá vitnisburður um **Revelaciones Thorlaci episcopi* eftir Gunnlaug munk sem hér hefur verið tekinn saman er að miklu leyti fenginn úr *Þorláks sögu* á norrænu. Því er nauðsynlegt að ljúka þessari athugun með því að skoða hugsanlegt samband hins glataða vitranarits Gunnlaugs við lífssögu Þorláks á latínu. Ljóst er að allar norrænar gerðir Þorláks sögu eiga uppruna í sömu eða svipuðum þýðingum á *Vita S. Thorlaci*.⁹¹ Þegar *Vita S. Thorlaci* var ritað af óþekktum latínuklerki eða klerkum fyrirfannst aðeins eitt rit um heilagleika Þorláks og það var **Revelaciones Thorlaci episcopi* eftir Gunnlaug Leifsson. Þetta rit notaði höfundur eða höfundar lífssögunnar sér óspart, eins og við höfum séð að ofan. Strax sumarið 1198 hafa þó bæst við jarteinir frá alþingi og frá beinaupptökunni í Skálholti sem klerkar hafa skráð vandlega undir stjórn Páls biskups, sem oft er sagður vitni að jartinasögunum.

Fyrir nokkrum árum freistaði ég þess að giska á hver væri höfundur *Vita S. Thorlaci*, en nafn hans er hvergi gefið upp í heimildum.⁹² Ég giskaði á Gunnlaug Leifsson á þeirri forsendu að hann hefði skrifað *Vita S. Johannis Holsensis* skömmu síðar – að áeggjan Guðmundar Arasonar – og vegna þess að hann var einnig orðaður við jarteinasmíð um Þorlák (í þeim kafla hinnar svokölluðu „Jarteinabókar II“ sem vitnað var til í upphafi greinarinnar). Gunnlaugur er raunar eini maðurinn sem ákveðið er orðaður við skrif á latínu um Þorlák yfirleitt. Líkindi eru og til þess að Gissur Hallsson, Karl ábóti, Ormur kapellán, Brandur biskup, Páll biskup og aðrir sem hugsanlega komu að skráningu jarteina Þorláks hafi ritað þetta efni á latínu. En enginn þeirra er beinlínis sagður hafa skrifað um Þorlák á bókamáli nema Gunnlaugur. Það þurfti kannski ekki að taka það fram. Nú virðist hægt að útiloka Guðmund Arason sem höfund *Vita S. Thorlaci* og sömuleiðis Orm kapellán, sem þó voru forsprakkar málsins. Báðir þessir menn leituðu til Gunnlaugs „að hann skyldi dikta“, enda var hann álitinn mesti latínuklerkur á Íslandi um þessar mundir og mikið lá við að rétt væri staðið að helgun fyrsta íslenska dýrlingsins. Gissur Hallsson hefur verið latínuklerkur líka enda las hann yfir rit Gunnlaugs um Ólaf Tryggvason og honum er eignað glatað latínurit, *Flos peregrinationis*. Peter

91 Gottskálk Jensson 2004.

92 Gottskálk Jensson 2004, 164.

Koppenberg benti á samsvaranir með *Þorláks sögu* og *Jóns sögu*.⁹³ Þetta styrkir heldur þá kenningu að höfundurinn sé sá sami, þótt Peter Foote hafi dregið í efa að líkindin gangi út yfir það sem eðlilegt sé í svo formfastri bókmenntagrein.⁹⁴ Ef höfundurinn var ekki sá sami verðum við að gera ráð fyrir því að Gunnlaugur hafi beinlínis stuðst við *Vita S. Thorlaci* þegar hann samdi *Vita S. Johannis* og fengið þar talsvert að láni. En hann hefur þá stuðst við rit, lífssögu Þorláks, sem var að hluta til unnið upp úr vitranariti hans sjálfs.

Ekki er óeðlilegt að líta svo á að velgengni **Revelaciones Thorlaci episcopi* hafi beinlínis kallað á að framhald yrði á skrifum Gunnlaugs um Þorlák, sérstaklega af því nú þurfti á skömmum tíma að skrá lífssögu dýrlingsins, dikta fleiri jarteinir, útbúa les og tíðir. *Ambrósíustíðir* Gunnlaugs, *Historia Ambrosii*, sýna að þá bókmenntagrein hafði hann einnig á valdi sínu. Það kann ef til vill að þykja undarlegt að munkur á Þingeyrum skrifi lífssögu Þorláks biskups í Skálholti en allt bendir þó til að Gunnlaugur hafi skrifaði fyrsta latínuritið um heilagleika Þorláks, rit sem jafnframt virðist hafa átt stærstan hlut í því að helgi dýrlingsins „kom upp“.

Gissur Hallsson hefur með einhverjum hætti komið að smíði vitrana-ritsins. Þessi aldni höfuðklerkur í Skálholti, eins og honum er lýst í *Þorláks sögu*, virðist hafa sent Gunnlaugi að minnsta kosti eina vitrun, beint eða fyrir milligöngu Orms kapelláns, því draumvitrun Gissurar um yfirráð Þorláks yfir Skálholtskristni hefur einnig verið að finna í riti Gunnlaugs. Eins og við höfum séð virðist, samkvæmt *Þorláks sögu*, Gissur Hallsson fyrstur hafa átt hugmyndina að heilagleika Þorláks þegar hann talaði til biskupsins á dánarbeiði fyrir hönd Skálholtsklerka. Því er bætt við að „heilagr andi“ hafi mælt með honum. Gissur var því verkfæri Guðs í þessu máli, samkvæmt sögunni, en hver svo sem komponeraði eða dikt-aði – á máli samtímans – *Vita S. Thorlaci* hefur verið verkfæri Gissurar. Frumkvæði Gissurar í málinu og vald og virðing þessa aldna klerks í Skálholti var slíkt að líklegast er að ritið hafi verið skrifað á hans vegum. Hlutverki Guðmundar Arasonar hefur væntanlega verið að mestu lokið eftir beinaupptökuna sumarið 1198.

Hinn rúmlega fertugi eftirmaður Þorláks á Skálholtsstóli, Páll Jónsson Loftssonar, virðist fremur hafa haldið sig til hlés, að minnsta kosti farið

93 Peter Koppenberg 1980, 184–192.

94 Foote et al. 2003 1, ccxlii–cclviii.

mjög varlega og látið aðra lærða klerka eins og Gissur ráða heldur fönni, enda var hann sjálfur sonur þess manns og afkvæmi þess ástarsambands sem Þorlákur hafði bannfært með öllu valdi síns embættis. Ljóst er bæði af norrænum þýðingum *Vita S. Thorlaci* og af þeim brotum latínutextans sem enn eru varðveitt, að öll gagnrýni í garð Jóns Loftssonar hefur verið fjarlægð úr *Vita S. Thorlaci*, svo mjög að um miðja 14. öld þótti klerkum á Norðurlandi nauðsynlegt að endurskoða *Þorláks sögu* með róttækum hætti. Það kom í hlut Bergs Sokkasonar ábóta á Munkaþverá að segja svo ítarlega frá deilum þeirra Jóns sem þá var unnt í B-gerð sögunnar (AM 382 4to). Á sama tíma, í nýjum *Þorlákstíðum* Arngríms Brandssonar, verður Jón Loftsson „hórkarl“ (*moechus*) sem reynir að drepa Þorlák. Vel má ímynda sér að nýju tíðunum hafi verið ætlað að koma í stað eldri tíða sem ekki þóttu nógu gagnrýnar í garð andstæðinga Þorláks, og þar sem ekki hefur verið minnst á deilur Jóns og Þorláks frekar en í upprunalegu latínusögunni. Krafan um þöggun þessara deilna hefur komið frá Páli biskupi Jónssyni og Gissur Hallsson hefur verið á sama máli, enda er hann líka ávitaður meðal frillulífsmanna í embættisbréfum erkibiskupa frá þessum tíma. Við höfum séð að þegar Gunnlaugur ritaði hina miklu latínusögu sína um Ólaf Tryggvason var sambandi hans við Gissur þannig háttað að hann hafði verkið hjá sér um tíma og las það yfir en bróðir Gunnlaugur „emenderade“ síðan ritið „þar sem Gízorí þótti þess við þvrf“. Gunnlaugur munkur hafði áður diktað fyrir sunnlenska stórhöfðingjann í Skálholti og það getur hann vel hafa gert aftur í þetta sinn. En vegna þess hve margir komu að smíði síðara ritsins um Þorlák helga hefur ekki þótt viðeigandi að eigna honum það sem höfundi, ólíkt hinni lífssögunni, *Vita St. Johannis*, sem hann hefur skrifað að mestu leyti einn – eftir sömu forskrift.

HEIMILDASKRÁ

FRUMHEIMILDIR

- Ásdís Egilsdóttir (útg.). 2002. *Biskupa sögur* 2. Íslenzk fornrit 16. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- DI 1 = Jón Sigurðsson (útg.). 1857–1876. *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn* 1. 834–1264. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.
- Foote, Peter et al. (útg.). 2003. *Biskupa sögur* 1. Íslenzk fornrit 15. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Guðbrandur Vigfússon et al. (útg.). 1858–1878. *Biskupa sögur* 1–2. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jensen, Gillian Fellows (útg.). 1962. *Hemings þáttir Áslákssonar*. Editiones Arnarnagnæanæ B:3. Kaupmannahöfn: Ejnar Munksgaard.
- Jón Helgason (útg.). 1978. *Byskupa sögur* 2. Editiones Arnarnagnæanæ A:13,2. Kaupmannahöfn: C. A. Reitzels Boghandel.
- Jón Jóhannesson et al. (útg.). 1946. *Sturlunga saga* 1–2. Reykjavík: Sturlungaútgáfan.
- Larsson, Ludvig (útg.). 1885. *Ísländska handskriften No 645 40 i Den Arnarnagnæanske Samlingen på Universitetsbiblioteket i København. I. Handskriftens äldre del*. Lund: Gleerupska Universitets-Bokhandeln.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 1958–2000. *Ólafs saga Tryggvasonar en mesta*. Editiones Arnarnagnæanæ A:1–3. Kaupmannhöfn: Ejnar Munksgaard og C. A. Reitzel.
- Róbert Abraham Ottósson (útg.). 1959. *Sancti Thorlaci Episcopi Officia Rhythmica et Proprium Missæ in AM 241 A fol.* Bibliotheca Arnarnagnæana, supplementum 3. Kaupmannahöfn: E. Munksgaard.
- Stefán Karlsson (útg.). 1983. *Guðmundar sögur biskups* 1. Editiones Arnarnagnæanæ B:6. Kaupmannahöfn: C. A. Reitzels Forlag.

FRÆÐIRIT

- Björn M. Ólsen. 1893. „Om Are frode.“ *Aarbøger* 1908: 151–352.
- Fahn, Susanne Miriam og Gottskálk Jensson. 2010. „The Forgotten Poem: A Latin Panegyric for Saint Þorlákr in AM 382 4to.“ *Gripla* 21: 19–60.
- Gottskálk Jensson. 2004. „The Lost Latin Literature of Medieval Iceland: The Fragments of the *Vita sancti Thorlaci* and Other Evidence.“ *Symbolae Osloenses* 79: 150–170.
- Gottskálk Jensson. 2009. „Nokkrar athugasemdir um latinubrotin úr *Vita sancti Thorlaci episcopi et confessoris*.“ *Pulvis Olympicus. Afmælisrit tileinkað Sigurði*

- Péturssyni, ritstj. Jón Ma. Ásgeirsson et al. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 97–109.
- Haki Antonsson. 2007. *St. Magnús of Orkney. A Scandinavian Martyr-Cult in Context*. The Northern World 29. Leiden: Brill.
- Helgi Guðmundsson. 1997. *Um hafinman. Vestrænir menn og íslensk menning á miðöldum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hughes, Shaun F. D. 2008. „*Klári saga* as an Indigenous Romance.“ *Romance and Love in Late Medieval and Early Modern Iceland*, ritstj. Kirsten Wolf et al. Ithaca, NY: Cornell University Library, 135–164.
- Jakob Benediktsson. 1969. „Brot úr Þorlákslesi.“ *Afmálsrit Jóns Helgasonar*, 30. júní 1969, ritstj. Jakob Benediktsson et al. Reykjavík: Heimskringla, 98–108.
- Johnsen, Arne Odd. 1939. *Om Theodoricus og hans Historia de Antiquitate Regum Norwagiensium*. Ósló: Det Norske Videnskaps-Akademi.
- Johnsen, Arne Odd. 1943–1946, „Om St. Victorisklostret og Nordmennene, en skisse.“ *Historisk tidsskrift* 33: 405–432.
- Katrín Axelsdóttir. 2005. „Gunnlaugur Leifsson og Ambrósíus saga.“ *Skírnir* 179: 337–349.
- Koppenberg, Peter. 1980. *Hagiographische Studien zu den Biskupa sögur. Unter besonderer Berücksichtigung der Jóns saga helga*. Wissenschaftliche Reihe 1. Bochum: Scandica.
- Lind, E. H. 1905–1915. *Norsk-Ísländska dopnamn ock fingerade namn från medeltiden*. Uppsölum: Lundequistiska bokhandeln.
- Magnús Jónsson. 1940. *Guðmundar saga dýra. Nokkrar athuganir um uppruna hennar og semsetning*. Studia Islandica 8. Reykjavík: Sigurður Nordal.
- Stefán Karlsson. 1993. „Guðmundar sögur biskups.“ *Medieval Scandinavia. An Encyclopedia*, ritstj. Phillip Pulsiano. New York: Garland Publishing.
- Sveinbjörn Rafnsson. 1982. „Skriftaboð Þorláks biskups.“ *Gripla* 5: 77–114.
- Sveinbjörn Rafnsson. 2005. *Ólafs sögur Tryggvasonar. Um gerðir þeirra, heimildir og höfundar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Walter, Ernst. 1976. *Lexikalisches Lehnwort im Altwestnordischen. Untersuchungen zum Lehnwort im ethisch-moralischen Wortschatz der frühen lateinisch-altwestnordischen Übersetzungsliteratur*. Abhandlungen der Sächsischen Akademie der Wissenschaften zu Leipzig, Philologisch-Historische Klasse 66:2. Berlin: Akademie Verlag.
- Wellendorf, Jonas. 2009. *Kristelig visionslitteratur i norrøn tradition*. Bibliotheca Nordica 2. Ósló: Novus Forlag.

SUMMARY

**Revelaciones Thorlaci episcopi.* Yet Another Lost Work in Latin by Gunnlaugur Leifsson Monk of Þingeyrar

Keywords: Medieval Icelandic literature, medieval Latin, hagiography, church history, vernacularization.

The so-called “Book of Miracles II” that accompanies *Þorláks saga helga* in modern editions cites as a source a collection of visions about Bishop Þorlákur in Latin, written by Gunnlaugur Leifsson, a monk at Þingeyrar. The same lost work seems to have contained the original Latin text of “The Vision of Brestir”, translated in the D-redaction of *Óláfs saga Tryggvasonar en mesta* and preserved in *Flateyjarbók* (GKS 1005 fol.). The present paper offers further discussion of this Icelandic Latin work by suggesting that Gunnlaugur's collection of visions (which may be referred to as **Revelaciones Thorlaci episcopi*) was included in the “brief” presented to the Icelandic General Assembly in the summer of 1198 by Ormr, chaplain to Bishop Brandr Sæmundarson of Hólar, and that it was this document that prompted Bishop Páll Jónsson of Skálholt to allow invocations to St Þorlákur and to have his bones translated and enshrined.

Gottskálk Jónsson
Háskóla Íslands
Sæmundargötu 2
IS-101 Reykjavík
gthj@hi.is